


Helgi Skúli Kjartansson

Frá Róm til Þingvalla



Helgi Skúli Kjartansson

Frá Róm til Þingvalla



MENNTAMÁLASTOFNUN



Kæri nemandi

Allir námsmenn þurfa að temja sér góðar námsvenjur.
Hér eru góð ráð sem gætu hjálpað þér við lestur.

Áður en þú byrjar lesturinn

- ✦ Skoðaðu bókina vel, myndir og kort.
- ✦ Lestu efnisyfirlit og kaflaheiti.
- ✦ Um hvað fjallar bókinn?
- ✦ Hvað veist þú um efnið?

Á meðan þú lest

- ✦ Finndu aðalatriðin.
- ✦ Skrifaðu hjá þér minnispunkta.
- ✦ Gott er að gera skýringarmyndir eða hugarkort.
- ✦ Spyrðu um það sem þú skilur ekki, t.d. orð og orðasambönd.

Eftir lesturinn

- ✦ Rifjaðu upp það sem þú last.
- ✦ Veltu fyrir þér hvað eru aðalatriði og hvaða atriði skipta minna máli.
- ✦ Hugsaðu um það sem þú hefur lært og tengdu við það sem þú vissir áður.
- ✦ Reyndu að endursegja textann með eigin orðum.



EFNISYFIRLIT

Höfum við komið til Rómaveldis?	4	Víkingar og landnámsmenn	42
Í Rómaveldi	6	Norðurlönd	42
Borgríki - heimsveldi	6	Víkingaskip og víkingaöld	44
Sesar og Ágústus	8	Landnámsmenn	46
Kleopatra.....	11	Ingólfur og Auður	48
Prælar	14	Söfn og sýningar	50
Jesús Kristur	18	Íslendingar í heiðni og kristni	54
Maður gat orðið guð!	20	Egill Skallagrímsson	54
Kristnin í Rómaveldi	22	Þorgerður, Melkorka og Ólafur pá	56
Er það nú alveg víst?	24	Kjartan og Guðrún	58
Frá Rómverjum til riddara	26	Íslendingasögur	59
Konstantínus keisari	26	Ólafur Tryggvason og Ólafur helgi	62
Helgir menn og helgir dómar	28	Kristnitakan á Íslandi	63
Atli Húnakonungur	30	Heiðni og kristni	65
Heilagur Patrekur	32	Rúnir og handrit	67
Múhameð spámaður	34	Sveitafólk	69
Karl keisari mikli	36	Prælar	71
Hvaða ár gerðist það?	38	Goðar og þing	73
		Hvar voru þau á ferð?	76
		Atriðisorðaskrá.....	78



Höfum við komið til Rómaveldis?



Þessi bók byrjar á frásögnum um sögu Rómaveldis. Rómaveldi er ekki til lengur, en hvar var það þegar það var til? Við byrjum á að rannsaka það.

Hér fyrir ofan er kort af hinu forna Rómaveldi. Ef við berum það vandlega saman við kort af sömu löndum eins og þau eru núna getum við reynt að svara nokkrum spurningum:

1. Rómverjar réðu á sínum tíma yfir öllum löndum kringum Miðjarðarhaf. Í hvaða heimsálfum eru þau núna?
2. Hvaða lönd eru það núna sem Rómverjar kölluðu „Gallíu“ og „Germaníu“?





Miðbærinn í Róm hét Rómartorg (Forum Romanum). Þar má nú sjá leifar af glæsibyggingum Rómverja.

3. Réðu Rómverjar yfir einhverju landi sem nær ekki að Miðjarðarhafinu?
4. Sýnir kortið einhver lönd sem Rómverjar réðu bara yfir hluta af?
5. Hver ykkar hafa komið þangað sem Rómaveldi var? Til hvaða landa? Til hvaða borga?
6. Þið sem hafið komið til Rómaveldis, sáuð þið einhverjar minjar frá dögum Rómverja?



Colosseum var stærsta byggingin í Róm, hringleikahús þar sem 70.000 áhorfendur gátu fylgst með sýningum. Nokkuð af því stendur enn.



Í Rómaveldi

Borgríki – heimsveldi

Fyrr á öldum átti fólk sums staðar heima í **borgríkjum**. Þar var hver borg eins og sjálfstætt land þar sem íbúarnir réðu einir yfir borginni sinni og sveitunum í kring. Þannig var Rómaborg: lítið ríki með einni borg og nokkrum sveitum.

Rómverjar höfðu **þing** sem hét þjóðfundur. Það þurfti ekki að kjósa þingmenn því að fullorðnir menn komu sjálfir á þjóðfundinn og greiddu atkvæði þar. Reyndar bara karlmenn, konur réðu engu um málefni borgríkisins. Karlmennirnir réðu ekki heldur allir jafn miklu. Sumir voru höfðingjar og

áttu sæti í æðstu stofnun Rómar sem hét öldungaráð. Sá sem einu sinni var valinn í öldungaráðið þurfti aldrei aftur að bjóða sig fram og falla kannski í kosningu.

Hann var öldungaráðsmaður alla ævi. Í Róm var ekki forseti og ekki ríkisstjórn heldur voru tveir svonefndir ræðismenn æðstu menn borgríkisins.

Hjá Rómverjum var ekki siður að sitja til borðs heldur liggja á bekk við að matast.



Rómverjar áttu oft í styrjöldum við nágranna sína. Venjulega sigruðu Rómverjar og eignuðust lönd þeirra sem töpuðu. Þannig réð Róm yfir stærra og stærra svæði, smám saman allri Ítalíu og síðan fleiri löndum sem voru nefnd skattlönd af því að þau áttu að borga skatt til Rómverja. Á endanum réð Rómaveldi svo mörgum löndum að það var orðið miklu stærra og öflugra en nágrannaríkin.

Rómverjar réðu að vísu ekki yfir öllum heiminum en samt eru svona voldug ríki kölluð **heimsveldi**. Borgríkið hafði breyst í heimsveldi. Nú áttu Rómverjar ekki endilega heima í Rómaborg. Þeir voru út um allt ríkið, sumir að stjórna og aðrir í hernum. Margir fluttust líka út í eitthvert skattlandið til að eiga þar heima, til dæmis sem bændur í sveit.



Sparibúningur rómverskra karlmannna var skikkja sem þeir vöfðu um sig.



Rómúlus og Remus voru tvíburar í rómverskri þjóðsögu. Sagt er að úlfynja hafi bjargað þeim nýfæddum og látið þá sjúga sig.



Sesar og Ágústus

Af öllum frægum Rómverjum er **Júlíus Sesar** líklega sá allra frægasti. Hann þótti svo merkilegur að einn af mánuðum ársins er kenndur við hann.



Sesar. Rómversk höggmynd úr marmara.

Sesar ákvað að verða stjórnmalamaður og ráða eins miklu og hann gæti. Hann komst í öldungaráðið og var einn af þeim sem fólk tók mest mark á þegar hann hélt ræður á þjóðfundinum.

Voldugustu mennirnir í Róm voru samt ekki stjórnmalamenn eins og Sesar heldur sigursælir herforingjar. Þegar herforingi hafði unnið fræga sigra í stríði varð hann þjóðhetja heima í Rómaborg. Hermennirnir, sem hann hafði leitt til sigurs, héldu líka áfram að styðja hann, voru jafnvel tilbúnir að berjast fyrir hann við aðra Rómverja. Þannig gátu herforingjarnir orðið voldugustu menn borgarinnar.

Ef Sesar ætlaði sér að verða æðsti maður í Róm þurfti hann líka að verða frægur og vinsæll herforingi. Hann tók að sér að vera landstjóri í einu skattlandinu því að þá fékk hann að ráða yfir her. Skattlandið hans var í Gallíu, en Gallía var þar sem Frakkland er núna. Róm réð bara yfir hluta af Gallíu, aðrir hlutar hennar voru sjálfstæðir. En Sesar fór að skipta sér af þeim líka, gera bandalag við suma höfðingjana og fara í stríð við aðra. Þannig tókst honum að gera alla Gallíu að rómversku skattlandi. Fyrir það varð hann frægur heima í Róm og hjá hermönnum sínum naut hann mikilla vinsælda. Þegar hann hætti



Lárviðarsveigur var æðsta heiðurstákn Rómverja.



að vera skattlandsstjóri notaði hann tækifærið, fór með herinn sinn til Rómar – þó að það væri ólöglegt – og varð voldugasti maður í borginni.



Óvinir Sesar, þeir sem hann hafði hrakið frá völdum, flýðu frá Róm og söfnuðu hermönnum til að berjast við hann. Þess háttar stríð, þegar menn berjast ekki við her frá öðru landi heldur við sína eigin landsmenn, er kallað sérstöku nafni: borgarastyrjöld. Sesari gekk vel í stríðinu. Hann elti óvini sína austur til Grikklands og alla leið til Egyptalands, sigraði þá í bardögum en foringjar þeirra voru ýmist drepnir eða sviptu sig lífi. Það fannst Rómverjum eðlilegt að gera frekar en láta taka sig til fanga.

Sesar kom nú heim til Rómar og fór að stjórna eins og hann ætti einn öllu að ráða. Þetta gátu ekki allir sætt sig við. Sumum, jafnvel vinum Sesar, fannst hann spilla skipulagi borgríkisins og vera farinn að stjórna eins og konungur. Nokkrir öldungaráðsmenn gerðu samsæri, ginntu Sesar afsíðis, drógu skyndilega upp hnífa og drápu hann. Nú ætluðu þeir að stjórna Róm eftir gömlum hefðum.



Rómverskir hermenn
(nú tímamenn í búningum).





Marmarastytta af Ágústusi keisara.

En Sesar hafði verið vinsælli en þeir vöruðu sig á. Vinir Sesars fengu stuðning borgarbúa og samsærismennirnir urðu að flýja.

Einn af vinum Sesars hét **Ágústus**. Hann var náfrændi Sesars og kjörsonur. Sesar hafði ættleitt hann og gert hann að erfingja sínum. Ágústus var 19 ára gamall þegar hann frétti til Grikklands, þar sem hann var í skóla, að Sesar hefði verið myrtur. Hann flýtti sér til Rómar og varð einn af foringjunum hjá vinum Sesars. Þeir söfnuðu liði og sigruðu samsærismennina í nýrri borgarastyrjöld. Svo skiptu þeir þeirra á milli sín hvaða skattlöndum þeir ætluðu að ráða yfir. En þeir fóru strax að keppast um hver réði mestu. Brátt hófst ný borgarastyrjöld sem endaði með sigri Ágústusar. Þá var hann orðinn 32 ára. Síðan var hann æðsti maður Rómaveldis mjög lengi, alveg þangað til hann dó 76 ára gamall.

Ágústus réð eiginlega öllu sem hann vildi, alveg eins og Sesar hafði gert. En Ágústus gætti þess að sýna öldungaráðinu virðingu og láta eins og lítið hefði breyst. Í raun og veru var hann samt orðinn **keisari**. Á þeim langa tíma sem Ágústus stjórnaði vöndust Rómverjar því að hafa keisara og eftir hans dag var alltaf valinn keisari til að stjórna ríkinu.



Rómverjar slógu mynt með andlitsmynd keisarans.

Það var Ágústus sem lét skipta um nafn á einum mánuðinum og kalla hann júlí til heiðurs Júlíusi Sesarí. Sjálfum var honum sýndur sá heiður að kalla næsta mánuðinn ágúst.



Kleópatra

Egyptaland hafði verið konungsríki í mörg þúsund ár. Löngu áður en Rómaborg varð til höfðu Egyptar reist píramídana miklu sem enn standa. Konungurinn í Egyptalandi var nefndur **faraó**. Í mörgum ríkjum gat bara karlmaður orðið konungur en í Egyptalandi mátti kona líka vera faraó. Það gátu líka tveir verið faraó í einu og stjórnað saman. En enginn gat orðið faraó nema vera af réttu konungsættinni.

Einu sinni var prinsessa í Egyptalandi sem hét Kleópatra. Hún var sautján ára þegar faðir hennar, faraóinn, dó. Þá erfði hún ríkið ásamt tólf ára gömlum bróður sínum. Samkvæmt egypskri venju urðu þau að giftast hvort öðru til að geta stjórnað landinu saman. Þau voru kannski nokkuð ung til að ráða yfir heilu landi en þau höfðu ráðgjafa og embættismenn og það voru þeir sem áttu að hafa vit á að stjórna landinu.

Kleópötru þótti víst ekkert sérlega gaman að vera gift litla bróður sínum og láta einhverja ráðgjafa ráða öllu fyrir sig. Hún reyndi að stjórna sjálf án þess að spyrja bróður sinn. En það sættu ráðgjafarnir sig ekki við. Þeir gerðu uppreisn gegn Kleópötru, ráku hana úr landi og stjórnðu svo áfram í nafni bróðurins.

Svona stóð á þegar Sesar kom til Egyptalands með skipaflota og heilan her af Rómverjum. Hann var þá að eltast við síðustu óvini sína úr borgarastríðinu en einn þeirra hafði flúið til Egyptalands. Kleópatra komst á fund Sesars og bað um hjálp Rómverja gegn bróður sínum. Hermenn Sesars sigruðu egypskan her sem reyndi



Píramídarnir miklu í Egyptalandi höfðu staðið í 2000 ár áður en Kleópatra varð drottning.



Í gröf eins af faraóunum fannst þessi gullgríma.





Veggmynd úr egypsku grafhýsi. Nautinu á að slátra við fórnarathöfn.

að ráðast á þá. Bróðir Kleópötru dó í átökunum og hún varð aftur faraó. Sesar hafði gert í Egyptalandi það sama og hann var vanur frá Gallíu: blandað sér í deilur heimamanna og hjálpað einhverjum sem síðan yrði háður Rómverjum.

Sesar og Kleópatra voru ekki bara bandamenn. Þau urðu elskendur – þó hann væri 52 ára og hún bara 21 árs – og þau eignuðust saman son. Kleópatra heimsótti Sesar til Rómar. En hann vildi ekki giftast henni og ekki gera son þeirra að erfingja sínum. Rómverjar hefðu ekki kært sig um að stjórnandi Rómaveldis ætti útlenda konu sem væri drottning í allt öðru landi.

Eftir að Sesar lést þurfti Kleópatra áfram stuðning Rómverja. Annars var hætt við að óvinir hennar í Egyptalandi gerðu aftur uppveisn. Einn af vinum Sesars, Antóníus, stjórnaði rómverskum skattlöndum sem voru næst Egyptalandi. Kleópatra fór á fund hans,

varð ástkona hans og ól honum tvíbura. Síðar skildi Antóníus við rómversku konuna sína – sem var systir Ágústusar – flutti til Egyptalands og giftist Kleópötru.

Nú voru Antóníus og Ágústus orðnir óvinir og ráku áróður hvor gegn öðrum. Ágústus sagði að Antóníus hefði svikið Róm, hann hagaði sér eins og kóngur í



Egypskt lík (múmía) og líkkista.



Egyptalandi og hann léti Egyptaland ráða yfir skattlöndum sem ættu að tilheyra Róm. Antóníus sagði að Ágústus ætti ekki að erfa völd Sesars þegar Sesar ætti sjálfur son á lífi, en það var sonur hans og Kleópötru.



Þjóðsaga segir að Kleópatra hafi stytt sér aldur með því að láta eiturnöðru bíta sig.

Ágústus fékk leyfi öldungaráðsins til að fara í stríð við Egyptaland. Hermenn Antóníusar vildu ekki berjast fyrir Egyptaland á móti Róm. Þegar stríðið var tapað drap Antóníus sig með eigin sverði. Kleópatra stytti sér líka aldur. Hún ætlaði ekki að vera til sýnis sem hlekkjaður fangi þegar Ágústus kæmi heim til Rómar og héldi þar sigurför eftir rómverskri venju.

Sonur Sesars og Kleópötru varð fangi Rómverja. Hvað átti nú Ágústus að gera við hann? Ef einhverjir Rómverjar gerðu uppreisn gegn Ágústusi, myndi strákurinn kannski hjálpa þeim og þeir fá meiri stuðning ef þeir væru að berjast fyrir son Sesars sjálfs. Ágústus taldi öruggast að láta strax drepa hinn unga frænda sinn.



Þegar Egypti dó var líkið þurrkað, smurt og vafið. Þá nefnist það múmía.

Kleópatra varð síðasti faraóinn í Egyptalandi. Ágústus gerði það að enn einu rómversku skattlandi. Svona náðu Rómverjar tökum á hverju landinu af öðru þangað til þeir stýrðu heilu heimsveldi.



Þrælar

Sumir Rómverjar voru höfðingjar af virðulegum ættum eins og Sesar og Ágústus. Miklu fleiri voru samt venjulegt alþýðufólk. Svo var fjöldinn allur af þrælum.

Þræll er maður sem einhver annar á, rétt eins og núna er hægt að eiga hest eða hund eða kind. Sá sem átti þræl gat sagt þrælnum hvað hann átti að vinna, hann þurfti ekki að borga þrælnum neitt kaup og ef hann þurfti ekki að nota þrælinn lengur gat hann selt hann hverjum sem vildi kaupa. Ef þrællinn var kona var hún kölluð ambátt.

*Tveir þrælar verjast tigrisdýri
í rómversku hringleikahúsi.
Veggmynd úr höll
Konstantínusar keisara.*

Hvernig varð maður þræll? Það gat gerst með ýmsu móti. Ef ambátt eignaðist barn, þá var barnið líka ánauðugt. Sá sem átti ambáttina átti líka barnið hennar og gat selt það burt ef honum sýndist. Móðir




Þess réð engu um það. Frjáls maður gat líka orðið þræll ef hann hafði til dæmis tekið lán og gat ekki borgað eða ef hann var dæmdur í ánaud fyrir eitthvert afbrot.

Svo eignuðust Rómverjar fjölmarga útlenda þræla. Þeir gátu keypt þræla frá öðrum löndum. Þegar Rómverjar börðust við óvini sína og þeir gáfust upp, gerðu þeir stríðsfangana að þrælum og seldu þá í ánaud.

Ef Rómverji átti peninga gat hann farið á þrælamarkaðinn og keypt sér þá þræla sem honum leist á. En hvað ætlaði hann að gera við þá? Það gat verið margt og mismunandi. Ef rómverskur bóndi átti stóra jörð keypti hann sér þræla til að vinna á ökrunum. Ef rómverska móður vantaði barnfóstru keypti hún sér ambátt sem henni leist vel á og þorði að trúá fyrir börnunum. Ef rómverskir foreldrar vildu að börnin sín kynntust grískri menningu gátu þau keypt sér vel menntaðan grískan þræl til að kenna börnunum. Til að byggja glæsileg hof handa goðunum þurfti fjölda þræla, bæði til að vinna í marmaranámunum og við byggingarnar. Þegar Rómverjar háðu sjóorrustur þurftu þeir þræla til að róa herskipunum. Til að róðrarþrælar gætu ekki tekið völdin á skipinu voru þeir hlekkjaðir við þóftuna. Ef skipið sökk höfðu þeir litla von um að bjargast.



Kappakstursmaður með hest. Rómverskir íþróttamenn voru oft þrælar en gátu keypt sér frelsi ef þeim gekk vel.



Þrælar til sölu á rómverskum markaði (seinni tíma málverk).





Þar sem margir þrælur unnu saman voru oft vopnaðir verðir til að reka þá áfram, láta þá vinna eins og þeir þoldu og kaupa svo nýja þræla þegar þeir gátu ekki meir. Heimilisþræll, sem bjó með fjölskyldu eiganda síns, gat átt von á betri meðferð. Hann hafði engin réttindi en hann gat samt orðið vinur heimilisfólksins og kannski var honum launuð dygg þjónusta með því að gefa honum frelsi.

Eitt af störfum þrælanna í Róm var að vera gladiátor – skylmingaþræll. Rómverjar höfðu gaman af að „fara á völinn“ og horfa á íþróttir. En hvaða íþróttir? Jú, til dæmis kappakstur. Það voru auðvitað ekki til bílar svo að kappakstur var háður á stríðsvögnum sem hestar drógu. Það var líka gaman að horfa á hnefaleika eða glímu. En mest spennandi þótti að horfa á menn berjast í alvöru upp á líf og dauða.

Enginn venjulegur maður myndi ráða sig í vinnu til að berjast upp á líf og dauða. Þess vegna notuðu Rómverjar gladiátora. Þeir keyptu




hrausta þræla, þjálfuðu þá í vopnaburði og létu þá berjast á opinberum skemmtunum, stundum við villidýr, stundum hvern við annan.

Einn gladiatorinn hét **Spartakus**. Einu sinni þegar Spartakus var í þjálfunarbúðum tókst honum, ásamt öðrum þrælum, að sleppa út.

Í grenndinni var fjöldi þræla sem unnu á stórum búgörðum. Spartakus fékk þá til að strjúka líka og myndaði heilan her af þrælum. Rómverjar sendu hermenn til að berjast við þrælana en Spartakus sigraði þá og gat búið þrælaherinn sinn góðum vopnum frá Rómverjunum.

Á endanum sendu Rómverjar nógu öflugan her til að sigra uppreisnarþrælana. Spartakus féll og margir af liðsmönnum hans. Aðrir voru teknir höndum, sex eða sjö þúsund manns. Hvað átti nú að gera við þá? Skila þeim aftur til eigendanna? Nei, rómverski herforinginn ákvað að refsa þeim öðrum til viðvörunar. Þeir voru krossfestir – festir upp á stóra trékrossa og láttnir hanga þangað til þeir dóu. Það var strangasta refsing sem Rómverjar þekktu.



*Úr leikinni kvikmynd:
Spartakus (til hægri) býr sig
undir að berjast við annan
gladiator.*





María með Jesúbarnið (seinni tíma málverk). Fjölmörg fræg listaverk sýna efni úr Biblíunni.

Jesús Kristur

En það bar til um þessar mundir að boð kom frá Ágústusi keisara, að skrásetja skyldi alla heimsbyggðina. Fóru þá allir til að láta skrásetja sig, hver til sinnar borgar. Þá fór og Jósef úr Galíleu frá borginni Nasaret upp til Júdeu, til borgar Davíðs, sem heitir Betlehem, en hann var af ætt og kyni Davíðs, að láta skrásetja sig ásamt Maríu heitkonu sinni sem var þunguð. En meðan þau voru þar kom sá tími er hún skyldi verða léttari. Fæddi hún þá son sinn frumgetinn, vafði hann reifum og lagði hann í jötu af því að eigi var rúm fyrir þau í gistihúsi.

Þessi frásögn er úr Biblíunni, úr jólaguðspjallinu sem segir frá fæðingu **Jesú**. Hún gerist í Gyðingalandi þar sem nú er Ísrael og Palestína. Galílea og Júdea eru héruð í því landi.

Þegar sagan gerist var Ágústus orðinn keisari í Róm. Hann gat auðvitað ekki látið skrásetja fólk í öllum heiminum heldur bara í þeim löndum sem hann réð yfir. Rómverjar voru komnir til valda í Gyðingalandi og vildu skrásetja fólkið svo að þeir gætu vitað hverjir ættu að borga skatt.

Sonur Maríu hét **Jesús**. Þegar hann varð fullorðinn gerðist hann trúarleiðtogi. Hann fór um landið og kenndi fólki um Guð og hvernig það ætti að lifa lífinu. Sumir höfðu svo mikla trú á Jesú að þeir yfirgáfu heimili sitt og atvinnu til að fylgja honum hvert sem hann fór.




Jerúsalem var helsta borg gyðinga. Þar voru prestar þeirra og höfðingjar og þar var musterið, mesti helgidómur gyðingatrúarinnar. Þar var líka rómverskur landstjóri sem hét Pílatus. Hann átti að gæta þess að gyðingar gerðu ekki uppreisn gegn Rómverjum.

Þegar Jesús kom til Jerúsalem, til að flytja boðskap sinn þar, var hann kærður fyrir að vera uppreisnarmaður gegn Rómverjum. Þess vegna lét Pílatus taka hann af lífi. Það var gert með því að krossfesta hann, rétt eins og þrælana úr her Spartakusar. Það mátti aldrei krossfesta raunverulegan Rómverja. En fyrir þræla eða útlendinga, sem átti að fara virkilega illa með, þótti það hæfilegur dauðdagi.

Fólkið, sem hafði treyst boðskap Jesú, hélt áfram að trúá á hann eftir krossfestinguna. Það var sannfært um að hann væri sonur Guðs, að hann hefði risið upp frá dauðum og stigið upp til himna og að það ætti að tilbíða hann eins og Guð sjálfan. Þannig urðu til sérstök trúarbrögð, kölluð **kristin trú** af því að Jesús var líka nefndur Kristur. Fyrst voru kristnir menn bara lítill hópur. En þeir reyndu að fá aðra til að trúá á Krist líka – það er kallað trúboð eða kristniboð – og brátt voru orðnir til kristnir söfnuðir víðs vegar um Rómaveldi.



Málverk af þjáningum Krists.




Kristniboðar fóru um Rómaveldi og sögðu fólki frá Jesú.



Maður gat orðið guð!

Rómverjar tilbáðu mörg **goð**, bæði guði og gyðjur. Til dæmis stríðs-guðinn Mars, ástargyðjuna Venus og Júpíter sem var æðstur af goðunum. Goðin voru eins og persónur, fólk gerði myndir af þeim



og kunni af þeim sögur, alveg eins og Íslendingar kunnu sögur um Óðin, Þór, Freyju og önnur goð. Þegar þrumuveður geisaði sögðu Rómverjar að Júpíter æki um himininn í vagni sínum, vopnaður eldingum, en Íslendingar hefðu líklega sagt að nú væri Þór á ferðinni.

Ætt Sesars var sögð komin af gyðjunni Venus. Hún hafði aldrei verið barn heldur risið fullvaxin af öldum hafsins. Seinni tíma málverk sýnir vinda hafsins blása henni að landi í báruskel.

Mars, Venus og Júpíter eru enn þá til. Ekki samt sem goð heldur stjörnur í sólkerfinu. Rómverjar gáfu stjörnunum nöfn eftir goðum sínum og þau nöfn eru notuð enn þá.

Rómverjar byggðu glæsileg hof eða musteri sem þeir helguðu goðunum. Bæði í hofunum og heima í íbúðarhúsunum voru ölturu þar sem menn báðu bænir og færðu goðunum fórnir. Fórnin gat verið eitthvað smávegis af mat en hún gat líka verið lifandi dýr sem var slátrað til að gefa það goðinu. Í hofi Júpíters átti til dæmis að slátra ungri kú. Einu sinni á ári var haldinn sérstakur kappakstur á hestvögnum og besta hestinum síðan fórnað til heiðurs Mars.



Það var líkt Rómverjum að hafa stríðsguð, Mars, en engan friðarguð. En þó að þeir væru tilbúnir að heyja stríð og vinna sigra skildu þeir líka að friðurinn er mikil blessun. Og friðinn sjálfan var hægt að tilbiðja, næstum eins og guð. Þegar Ágústus var orðinn keisari og þurfti ekki lengur að berjast um völdin við óvini sína lét hann reisa risastórt altari sem enn þá er til í Róm. Það heitir altari friðarins. Þar gátu Rómverjar fært fórnir og beðið þess að friður héldist í ríkinu.

Svona var hægt að tilbiðja ólíka hluti og hugsa sér þá eins og guði eða gyðjur, til dæmis gyðju réttlætisins eða gyðju skáldskaparins og svo framvegis. Mjög merkilega menn var jafnvel hægt að tigna sem guði þegar þeir voru dánir. Þegar búið var að myrða Sesar ákvað öldungaráðið í Róm að „taka hann í guða tölu“. Þá mátti færa honum fórnir eins og guðunum. Sama var gert við Ágústus eftir að hann dó. Seinna létu keisararnir dýrka sig sem guði meðan þeir lifðu.



Rómverskur silfurpeningur sýnir Júpiter aka um himininn í vagni sínum.

Hér ætla Rómverjar að fórna nauti.



Kristnin í Rómaveldi


Þegar Rómverjar fóru að leggja undir sig önnur lönd voru þar mörg ólík trúarbrögð. Rómverjum fannst það ekki mikið vandamál. Þeir höfðu sjálfir marga ólíka guði og þeim fannst allt í lagi að dyrka

útlenda guði líka. Aðrar þjóðir í Rómaveldi máttu halda áfram að tilbiðja sína gömlu guði og auk þess var þeim velkomið að tigna goð Rómverja.

Gyðingar og kristnir voru að því leyti ólíkir öðrum að þeir tilbáðu bara einn almáttugan Guð og máttu alls ekki tigna neina aðra guði. Þeir þurftu líka að fylgja vissum lífsreglum, máttu til dæmis ekki vinna á hvíldardeginum, sem var laugardagur hjá gyðingum, seinna sunnudagur hjá kristnum.

Þegar Rómverjar fóru að tigna keisarann eins og guð, þá vildu þeir að allir þegnar ríkisins sýndu honum lotningu. Þeir settu upp stytur af keisaranum um allt ríkið, líka í Jerúsalem, heilagri borg gyðinga. Margir gyðingar sættu sig alls ekki við yfirráð Rómverja og gerðu að síðustu uppreisn. Rómverjar sendu her sinn gegn þeim og sigruðu

þá, brenndu musterið og ráku alla íbúa frá Jerúsalem. Annars staðar í Rómaveldi fengu gyðingar að vera í friði.



Kristnir menn í Rómaborg jörðuðu lík í grafhvelvingum, svonefndum katakombum, nálægt borginni.



Oft fengu kristnir menn líka að vera í friði með sína trú og sitt kristniboð en ekki alltaf. Stundum fannst Rómverjum að þessi nýja trú væri hættuleg fyrir ríkið og reyndu að banna hana. Fólk þurfti að sanna að það væri ekki kristið með því að færa fórn frammi fyrir stytta af keisaranum. Annars átti það á hættu grimmligar refsingar, jafnvel að vera varpað fyrir óargadýr á leikvöngum Rómverja. Þeir sem létu lífið í slíkum ofsóknum voru nefndir píslarvottar. Margir dáðust að staðfestu píslarvottanna og fannst að það hlyti að vera sönn trú sem fólk væri tilbúið að fórna lífinu fyrir.



Enn eru til steinlagðir vegir sem Rómverjar lögðu um ríki sitt.



Er það nú alveg víst?

Hvernig er hægt að vita eitthvað um fólk sem var til fyrir langalöngu?

Um flesta er ekkert vitað. Í Rómaborg voru fleiri íbúar en á öllu Íslandi núna en um flesta þeirra er ekkert vitað. Það er bara einstaka frægt fólk sem til eru sögur um. Og sögurnar eru ekki endilega sannar.

Til er gömul saga um það hvernig Sesar hitti Kleópötru fyrst. Hann var kominn til Egyptalands með rómverskan her. Þá komu sendimenn með gjöf frá drottningunni: dýrindis teppi, vafið upp í stranga. Sesar þáði gjöfina, en þegar teppinu var rúllað út kom Kleópatra í ljós, ung, fögur og léttklædd, og Sesar varð hrifinn af henni við fyrstu sýn. Ætli þetta sé nú alveg satt?

Það gæti verið. Einhvern veginn þurfti Kleópatra að komast til Sesars án þess að óvinir hennar vissu, og einhvern veginn varð hún kærastan hans. En sagan gæti líka verið ósönn. Þá eins og nú komu upp slúðursögur um frægt fólk sem sumir trúðu þó að þær væru ekki alltaf sannar. Núna, eftir allan þennan tíma, getur enginn vitað hvort sagan um Kleópötru og teppið er sönn eða ekki.

Sumar gamlar sögur eru örugglega ekki sannar. Ein sagan um Sesar er sú að hann hafi ekki fæðst á venjulegan hátt heldur verið tekinn með keisaraskurði. Það er einmitt vegna þessarar



sögu sem það er kallað keisaraskurður að taka barn með skurðaðgerð þegar það getur ekki fæðst. En samt vita menn að sú saga getur alls ekki verið sönn. Hún er þjóðsaga sem varð til löngu seinna.

Í Nýja testamentinu eru sagðar margar sögur um Jesú. Í sumum sögunum vinnur hann kraftaverk, oft þannig að hann lækna sjúka, vekur jafnvel dáið fólk aftur til lífsins, og einu sinni gekk hann á vatninu til að komast út í bát til lærisveina sinna. Margt kristið fólk trúir þessum sögum. Ef Jesús var raunverulega bæði guð og maður, þá var ekkert skrítið þó að hann gæti gert það sem öðrum er ómöglegt. Ef Biblían er raunverulega guðs orð má kannski frekar trúa á frásagnir úr henni en úr venjulegum bókum. En fólk, sem trúir ekki á Jesú sem guð eða Biblíuna sem guðs orð, getur ekki talið svona sögur sennilegar. Þess vegna er alveg eðlilegt að menn séu ekki sam- mála um þær.

Íslendingar eiga fornar og merkilegar sögur, til dæmis Íslendingasögurnar. Það væri gaman að geta trúað þeim eins og sumir trúa Biblíunni; vera viss um að allt hafi gerst nákvæmlega eins og því er lýst. En það getum við ekki. Í þessum gömlu bókum er sumt satt og sumt ekki, og stundum er ekki hægt að greina þar á milli.



*Málverk sýnir frásögn úr guð-
spjöllunum: Pétur postuli gengur
á vatninu á móti Jesú.*



Frá Rómverjum til riddara



Þótt Konstantínus ætti ekki heima í Róm lét hann reisa þar af sér risastóra marmarastyttu. Aðeins höfuðið er til enn þá.

Konstantínus keisari

Við munum eftir Ágústusi sem var keisari í Róm þegar Jesús fæddist. Á eftir honum komu svo aðrir keisarar í mörg hundruð ár. Einn þeirra hét **Konstantínus** en hann varð keisari þrjú hundruð árum á eftir Ágústusi.

Keisararnir voru þá hættir að hafa aðsetur í Róm svo að ríkið hafði enga höfuðborg. Konstantínus vildi hafa stjórn ríkisins á einum ákveðnum stað. En Róm var ekki hentug. Borgin var of langt frá sjó og of erfitt að verja hana fyrir óvinum. Í staðinn valdi Konstantínus gamla hafnarborg austar í ríkinu. Henni var breytt í nýja og glæsilega höfuðborg Rómaveldis. Borgin fékk nýtt nafn og var kölluð Konstantínópel sem þýðir „borg Konstantínusar“. Hún var síðan höfuðborg keisaranna í meira en þúsund ár og var lengi stærsta borg Evrópu. Íslendingar kölluðu borgina Miklagarð. Nú er hún í Tyrklandi og heitir Istanbul.

Konstantínus var fyrsti kristni keisarinn. Faðir hans trúði á gömlu rómversku guðina en móðir hans, Helena, trúði á Krist. Konstantínus var orðinn fullorðinn þegar hann ákvað að fylgja trú móður sinnar. Um það er til helgisaga sem enginn veit hvort er sönn. Hún gerist þar sem Konstantínus býr sig undir bardaga við annan Rómverja sem vildi líka vera keisari. Þá fékk Konstantínus vitrun (eða „sá sýn“ eins og líka er sagt). Hann þóttist sjá krossmark á himni og



hjá því var skrifað: „Sigráðu undir þessu merki.“ Í orrustunni daginn eftir notaði hann krossinn sem sitt merki og vann sigur. Guð hafði gefið Konstantínusi sigurinn og um leið sýnt honum hvaða trú væri rétt.

Bæði í kristninni og í öðrum trúarbrögðum er til fjöldi af svona sögum þar sem Guð sannar vald sitt og hjálpar þeim sem treysta á hann. Oft er ómögulegt að vita hvort þessar sögur eru ímyndun fólks eða hvort þær gerðust í alvöru.

Þegar Konstantínus var orðinn keisari setti hann lög um að kristnir menn hefðu sama rétt og aðrir í rómverska ríkinu. Áður hafði kristin trú ekki verið viðurkennd. Stundum var jafnvel reynt að banna hana alveg. Samt höfðu fleiri og fleiri Rómverjar orðið kristnir. Nú voru þeir fegnir að fá Konstantínus fyrir keisara og studdu hann í stríðinu við önnur keisara-



Borg Konstantínusar er nú Istanbul í Tyrklandi. Tyrkir breyttu dómkirkju rómversku keisaranna í mosku og byggðu við hana bænatorna (mínarettur).



efni. Seinna setti annar keisari lög um að kristnin væri eina opinbera trú Rómaveldis. Ef fólk eins og til dæmis gyðingar vildi ekki verða kristið, þá var það eins og útlendingar í ríkinu og hafði ekki sama rétt og kristnir íbúar þess.



María guðsmóðir var æðst allra dýrlinga.

Á dögum Konstantínusar var enn þá trúfrelsi í Rómaveldi. Menn máttu vera kristnir eða heiðnir eftir því sem þeir vildu. En keisarinn studdi kristnina. Hann gaf peninga til að byggja kirkjur. Hann kallaði biskupa ríkisins saman á kirkjuþing svo að þeir gætu ákveðið í sameiningu hvað væri rétt kristin trú. Þar samþykktu þeir nákvæma trúarjátningu sem enn er í gildi í kirkjunni og kallast Nikeujátning.

Helgir menn og helgir dómar

Þegar Konstantínus var orðinn keisari fór Helena móðir hans austur til Jerúsalem til að sinna um heilaga staði úr lífi Jesú. Hún lét byggja kirkju þar sem gröf Jesú hafði verið. Og henni tókst, eftir því sem sagan segir, að finna krossinn sem Jesús hafði verið krossfestur á. Einhvern veginn hafði hann geymst í 300 ár og tákni frá Guði sýndi Helenu að þetta væri einmitt rétti krossinn. Seinna eignuðust margar kirkjur stykki eða flísar sem sagt var að kæmu úr krossinum helga. Þess háttar hlutir, sem einhvern veginn tengdust lífi Jesú eða postulanna, voru taldir heilagir og kallaðir **helgir dómar**. Alls staðar reyndi kristið fólk að eignast slíka hluti og geyma þá í kirkjum sínum.



Sumt fólk var líka talið sérstaklega heilagt og kallað **dýrlingar**. Postular Jesú og María móðir hans voru æðstu dýrlingarnir. Píslarvottar kristninnar voru líka taldir til dýrlinga. Svo bættust við dýrlingar sem höfðu unnið gott starf fyrir kristni og kirkju. Sumir þeirra voru þjóðsagnapersónur, eins og gjafmildi biskupinn Nikulás sem seinna varð að jólasveininum. Aðrir voru raunverulegt fólk. Til dæmis Helena keisaramóðir. Eftir að hún dó var ákveðið að hún væri dýrlingur. Þá mátti fólk ákalla hana í bænum sínum og henni var helgaður ákveðinn hátíðisdagur.

Löngu seinna voru tveir íslenskir biskupar teknir í dýrlinga tölu. Annar hét Þorlákur, nefndur Þorlákur helgi, og hátíðisdagur hans heitir enn í dag Þorláksmessa. Þegar heilagir menn dóu var talið að sál þeirra færi beint til himnaríkis og að þaðan gætu þeir hjálpað lifandi fólki ef það bað til þeirra. Venjulegt fólk myndi hins vegar ekki rísa upp frá dauðum fyrr en á dómsdegi. Þá kæmi í ljós hverjir kæmust til himnaríkis og hverjir ekki.



Sagt er að heilagur Nikulás, fyrirmynd jólasveinsins, hafi verið biskup á stað sem nú er í Tyrklandi. En ekki er víst hvort hann var til í raun og veru.



Atli Húnakonungur

Eitt sinn áttu Rómverjar í stríði við nágranna sína sem voru kallaðir Húnar. Svo var saminn friður og samningurinn staðfestur með því að skiptast á gíslum. Sonur eins rómverska herforingjans fór til Húna sem gísl en konungur Húna sendi tólf ára gamlan frænda sinn í gíslingu til Rómverja í staðinn. Kóngurinn myndi síður svíkja



Mongólar á hestbaki. Á fyrri öldum lifðu Mongólar svipuðu lífi og Húnar, voru herskáir riddarar og lögðu undir sig fjarlæg lönd.

samninginn ef keisarinn hefði litla frænda hans á valdi sínu. Friður hélst og tveim árum síðar fékk pilturinn, sem hét **Atli**, að snúa heim til frænda síns. Síðar varð hann konungur Húna.

Húnar voru framandi þjóð í Evrópu, aðfluttir langt austan úr Asíu þar sem þeir höfðu verið hirðingjar, ekki átt heima á neinum ákveðnum stað heldur flakkað um með hjarðir sínar. Hestar voru þeirra helstu

húsdýr. Hermenn Húna börðust ævinlega á hestbaki, helst með boga og örvum. Keisarann í Konstantínópel kúguðu þeir til að borga sér peninga á hverju ári. Ef hann neitaði réðust þeir inn í lönd hans, rændu og eyðilögðu.

Á dögum Atla Húnakonungs var allt í upplausn í vesturhluta Rómaveldis, þar sem nú eru Ítalía, Spánn, Frakkland og England. Þjóðflokkar komu frá nálægum löndum, stundum á flótta undan valdi Húna, og ruddust inn í lönd Rómverja. Ýmist fóru þeir um rænandi og ruplandi eða þeir lögðu undir sig svæði til að setjast að. Rómverjar reyndu að semja við aðkomuþjóðirnar á víxl, gefa þeim



land og fá þær til að berjast fyrir sig. En það endaði með því að konungar nýju þjóðflokka lögðu undir sig öll þessi lönd, líka sjálfa Rómaborg.

Á þessum ófriðartímum óttaðist fólk Húna meira en nokkra aðra. Þeir voru óvenjulegir í útliti og háttum og þóttu allra hermanna grimmastir. Atla konungi var lýst eins og hann væri illskan holdi klædd. Sagt var að þar sem hestur hans steig niður fæti gleri aldrei frammar gras. Þrátt fyrir vistina hjá Rómverjum var Atli ekki kristinn en kristnir menn kölluðu hann „svipu Guðs“. Fólk skildi það sem refsingu að Guð skyldi leyfa heiðingjum að herja svona á kristin lönd. Einu sinni fór Atli með her sinn í ránsferð um Norður-Ítalíu en ekki alla leið suður til Rómar. Gengu um það ýmsar sagnir hvernig biskupinn í Róm hefði farið til móts við hinn ógurlega heiðingja og fengið hann til að hlífa Rómaborg.

Tímabil Atla er kallað „þjóðflutningatíminn“ af því að þá höfðu heilir þjóðflokkar flutt sig um set og sest að í nýjum löndum. Þessir þjóðflokkar, eins og til dæmis Húnar, voru yfirleitt ekki mjög fjölmennir. Í nýju löndunum voru þeir bara minnihluti sem fyrr eða síðar samlagaðist fyrri íbúum, tók kristna trú og fór að tala sama tungumál og aðrir landsmenn. Þannig hurfu Húnar úr sögunni og eru ekki til lengur.



„Þú átt að fara til Rómverja, Atli minn. Vonandi fæ ég þig einhvern tíma heim aftur.“






Stytta af heilögum Patreki með staf og höfuðbúnað biskups.

Heilagur Patrekur

Eitt af rómversku skattlöndunum var Bretland. Á þjóðflutninga-tímanum hættu keisarar Rómverja að skipta sér af Bretlandi. Þeir máttu ekki missa hermenn til að verja landið og Bretar urðu bara að ráða yfir sér sjálfir. Oft komu sjóræningjar frá Írlandi og herjuðu á vesturströnd Bretlands. Þeir rændu ekki aðeins peningum eða dýrgripum, þeir tóku líka fólk og gerðu það að þrælum. Þannig fór fyrir unglingspilti sem hét **Patrekur**. Írar rændu honum og í sex ár vann hann sem fjárhirðir þangað til honum tókst að flýja frá eiganda sínum og sleppa heim til Bretlands.

Patrekur var alinn upp í kristinni trú. Afi hans hafði verið prestur og það ætlaði Patrekur að verða líka. En á Írlandi voru allir heiðnir. Patrekur ákvað að þangað skyldi hann snúa aftur, ekki sem þræll heldur kristniboði. Það gerði hann og tókst að snúa mörgum Írum til kristinnar trúar. Fleiri kristniboðar komu til Írlands og brátt urðu allir Írar kristnir. Patrekur var tignaður sem heilagur maður. Enn í dag er hann verndardýrtingur Írlands og hátíðisdagur hans er þjóðhátíðardagur Íra.

Hjá Írum er smáralaufið tákn Patreks.



Á Írlandi voru reistar kirkjur og stofnuð klaustur. Í klaustrum lifðu munkar sem höfðu ákveðið að helga Guði líf sitt. Sumir írskir munkar sýndu guðrækni sína með því að dvelja á afskekktum stöðum eða fara í langar sjóferðir út í óvissuna. Á þessum siglingum fundu þeir bæði Færeyjar og Ísland og dvöldu þar stundum mánuðum saman. Þessir írsku munkar nefndust **papar**. Þeir voru fyrstu menn sem komu til Íslands.



Sumir írskir munkar fóru að dæmi Patreks og gerðust kristni-
boðar meðal heiðinna þjóða. Ein þeirra þjóða hét Engilsaxar.
Þeir komu siglandi frá meginlandinu og lögðu undir
sig mestan hluta Bretlands eftir að Rómverjar hurfu
þaðan. Við þá er landið síðan kennt og kallað
England. Engilsaxar voru ekki bara fámenn her-
mannþjóð eins og Húnar, heldur komu fjöl-
margir innflytjendur sem ráku Breta burt og
gerðust bændur á landi þeirra. Með Engilsöxum
kom nýtt tungumál, fornenskan sem seinna varð
að ensku, og heiðin trú í stað kristinnar. En brátt
komu kristniboðar sem gátu kristnað Engilsaxa.
Þannig var kristin trú smám saman að breiðast út til
fleiri landa.



*Enn eru til handrit sem írskir munkar
skrifuðu fyrir langalöngu.*



*Í Chicago í Bandaríkjunum heldur fólk af írskum ættum upp á dag heilags Patreks með því að lita ána í
grænum lit Írlands.*



Múhameð spámaður

Meðan kristnin breiddist út í Evrópu komu upp ný trúarbrögð austur í Arabíu. Upptök þeirra voru hjá einum manni. Hann hét **Múhameð**, var frá borginni Mekka í Arabíu og vann við að flytja vörur á úlföldum. Á ferðum sínum kynntist hann bæði gyðingum og kristnum mönnum og trúarbrögðum þeirra. Hann sannfærðist um að þeirra guð væri hinn eini sanni Guð. Síðan fór hann að fá vitranir þar sem engill birti honum boðskap Guðs. Múhameð var orðinn það sem kallað er spámaður. Vitranir hans, sem eru skráðar í helgiritið Kóraninn, urðu að nýjum trúarbrögðum, **islam**. Múhameð tók mikið mark á frásögnum Biblíunnar. Hann viðurkenndi Jesú sem spámann, bara ekki sem guð.

Nýja trúin, islam, var fljótlega viðurkennd í allri Arabíu. Þá varð Múhameð líka æðsti maður landsins. Eftirmenn hans, svonefndir

Mekka, borg spámannsins, er enn heilagur staður múslima sem pílgrímar flykkjast til.



kalífar, stjórnðu Arabíu líkt og konungar. Arabar voru miklir hermenn og voru vanir að berjast innbyrðis, ættbálgur við ættbálg eða borg á móti borg. Nú voru þeir sameinaðir undir einni stjórn og hættu að berjast hverjir við aðra. Í staðinn herjuðu þeir á nágretta sína og lögðu undir sig lönd þeirra hvert af öðru. Þeir háðu mörg stríð við keisarann í Konstantínópel og unnu stóran hluta af ríki hans, til dæmis Gyðingaland og Egyptaland. Síðan lögðu þeir undir sig alla norðurströnd Afríku. Þaðan gerðu þeir innrás í Spán og unnu hann líka. Áður höfðu Rómverjar ráðið ríkjum allt í kringum Miðjarðarhafið. Nú voru þau lönd flest komin undir stjórn araba. Ríki kalífans var orðið heimsveldi eins og Rómaveldi hafði verið áður.



Þegar arabar lögðu undir sig kristin lönd fengu íbúarnir að hafa áfram sína trú og siði en urðu að sætta sig við arabíska landstjóra og arabíska her og borga aröbum skatt. Þetta var líkt og í Rómaveldi áður, til dæmis þegar Ágústus keisari réð yfir Gyðingalandi. En ef fólk í herteknu löndunum skipti um trú og tók upp islam, þá fékk það sömu réttindi og arabar. Egyptaland var í fyrstu hertekið land undir stjórn araba. En smám saman tóku flestir Egyptar islamstrú, fóru jafnvel að tala arabísku, og voru eins og hverjir aðrir þegnar kalífans. Svipað hafði líka gerst í Rómaveldi þar sem fleiri og fleiri af íbúum skattlandanna urðu eins rómverskir og Rómverjar sjálfir.



Karl keisari mikli

Fyrir á öldum var fólk yfirleitt ekki eins hávaxið og nútímafólk. Nú vaxa börnin hraðar af því að þau fá meira að borða og lifa þægilegra lífi. Einstaka menn urðu þó mjög stórir hér áður fyrir. Til dæmis konungur einn fyrir 1200 árum sem sagður var „höfði hærri en aðrir menn“. Löngu seinna var líkkista hans opnuð, beinin mæld og reiknað út að hann hefði verið 193 cm á hæð. Svo stórir menn hafa verið fáséðir um hans daga.

Þessi konungur hét **Karl** og er kallaður „Karl mikli“. Ekki af því hvað hann var mikill vexti heldur af því að hann var sigursæll herkonungur og stækkaði ríki sitt með því að leggja undir sig önnur lönd. Að sigra í styrjöldum var talið það merkilegasta sem konungar gátu gert og Karl mikli átti í sífelldum styrjöldum.

Ríki Karls var eitt af konungsríkjunum sem urðu til þar sem Rómaveldi var áður. Fyrst náði það yfir Frakkland og nokkuð af Þýskalandi. Síðan lagði Karl undir sig allt Þýskaland, Ítalíu og mörg fleiri lönd. Sums staðar höfðu íbúarnir verið heiðnir en Karl bannaði heiðna trú og skyldaði alla til að vera í kristnum söfnuðum.


Þegar Karl var orðinn langvoldugasti konungur í Vestur-Evrópu, og voldugri en sjálfur keisarin í Konstantínópel, þá fannst honum ekki nóg að vera konungur heldur ætti hann að vera keisari líka. Hann fór til Rómaborgar þar sem sjálfur páfinn gaf honum keisaranafn við hátíðlega athöfn.



Gömul stytta af Karli mikla á hestbaki.



Herinn sem gerði Karl mikla svo sigursælan var allt öðruvísi en her Sesars eða Ágústusar. Öflugasti hluti hans voru **riddarar**. Þeir voru vel þjálfaðir hermenn sem börðust á stórum hestum, klæddir traustum brynjum með hjálm og skjöld. Þeir beittu lensu og sverði af hestbaki og sátu stöðugir í hnakknum af því að þeir höfðu fæturna í ístöðum. Ístaðið var útbúnaður sem Rómverjar höfðu ekki þekkt og Húnar ekki heldur. En nú hafði þessi einfalda uppfinning breytt bardagatækninni.



Það var dýrt að vera riddari. Hann þurfti að ala upp stríðshesta og eignast góð vopn og hlífar. Hann varð að halda sér í þjálfun og hafði ekki tíma til að vinna venjuleg störf. Til að standa undir kostnaði fékk riddarinn land með sveitabæjum þar sem allir bændurnir urðu að borga honum leigu fyrir landið.

Riddarar höfðu yfirleitt ekkert á móti því að fara í herferðir. Þar gátu þeir sýnt hreysti sína og unnið sér frægð og frama. Ef vel gekk gátu þeir líka orðið ríkir því að sigursæll her rændi því sem hann náði til af eigum óvina sinna. Það var kallað herfang. Sumt af því fékk konungurinn en öðru var skipt milli hermanna. Riddurum fannst spennandi að heyja stríð og alveg eðlilegt að taka annarra eigur sem herfang.



Hvaða ár gerðist það?



100 f.Kr.

50 f.Kr.

fæðing Krists

50 e.Kr.

71 f.Kr. — Spartakus
bíður ósigur

44 f.Kr. — Sesar myrtur

31 f.Kr. — Kleópatra
sviptir sig lífi

14 e.Kr. — Ágústus deyr

um 30 e.Kr. — Jesús
krossfestur

1876 — síminn

1885 — bíllinn

1903 — flugvélin

1904 — fyrsti bíll á Íslandi

1926 — sjónvarpið

1953 — örbylgjuofninn

1966 — fyrsta íslenska sjónvarpsstöðin

1974 — þjóðhátíð á Þingvöllum:
1100 ár frá landnámi

1994 — lýðveldishátíð á Þingvöllum:
50 ár frá því Ísland varð lýðveldi

2000 — kristnihátíð á Þingvöllum:
1000 ár frá kristnitökunni
á Íslandi

2008 — þessi bók skrifuð

1875

1900

1925

1950

1975

2000

2025





Ártöl

Við notum ártöl til að segja hvenær eitthvað gerðist, til dæmis hvenær við erum fædd. Þessi bók var skrifuð árið 2008. Hvaða ártal er núna? Hvað er bókin þá orðin gömul?

Hér á opnunni er búið að raða ártölum á þrjá tímaása. Á hverjum þeirra eru atburðir sem búið er að segja frá í bókinni? Frá sumum hinna verður sagt seinna.

Stundum veit enginn alveg nákvæmlega hvenær eitthvað gerðist. Þá er samt hægt að giska á ártalið og setja *um* á undan. Það merkir að ártalið sé kannski ekki alveg nákvæmt. Finnið á tímalínunni einhver ártöl með *um* fyrir framan. Eru þau fremur um nýlega atburði eða löngu liðna?



Fæðing Jesú?

Ártöl eru kölluð „fyrir Krist“ og „eftir Krist“ (eða „eftir Kristsburð“ ef maður er hátíðlegur) af því að þau miðast við fæðingu Jesú. Svona ártöl voru ekki notuð meðan Jesús lifði, ekki heldur fyrst eftir að hann dó. Það var mörg hundruð árum seinna sem kristnir menn fóru að telja tímenn svona út frá fæðingu Krists. En þá vissi bara enginn nákvæmlega hvaða ár hann hafði fæðst.

Margir halda að hann hafi fæðst nokkrum árum fyrr, kannski fjórum til sjö árum. En enginn veit það nákvæmlega. Og ártölin gera sitt gagn hvort sem þau eru miðuð við rétt fæðingarár Jesú eða ekki.



Í Biblíunni stendur ekkert um það á hvaða degi ársins Jesús fæddist, og kristið fólk hélt ekkert sérstaklega upp á fæðingardag Jesú fyrr en löngu eftir að hann dó. Þá var farið að halda jól og það varð einfaldlega að velja einhvern dag fyrir jólahátíðina. Fyrir valinu varð 25. desember af því að það var hátíðisdagur hjá Rómverjum.

Samkvæmt jólaguðspjallinu fæddist Jesú-barnið um kvöld eða nótt. Áður fyrr byrjaði ekki nýr dagur á miðnætti heldur að kvöldi. Þess vegna er jólahátíðin enn þá látin byrja klukkan sex á aðfangadagskvöld af því að þá byrjaði jóladagurinn. Það er samt ekki gert í öllum löndum. Sums staðar er siður að opna jólapakkana á jóladagsmorgni.

Ef tímatalið er miðað við fæðingu Jesú á jólnum, þá ætti árið eiginlega að byrja á jóladag frekar en nýársdag. En Rómverjar voru búnir að skipta árinu í tólf mánuði og það þótti þægilegast að hafa áramótin um mánaðamót. Þess vegna er miðað við að árið eitt hafi ekki byrjað fyrr en um áramót eftir að Jesús fæddist.



Grafarkirkjan í Jerúsalem, reist þar sem talið var að Jesús hefði verið jarðaður.



Víkingar og landnámsmenn




Norðurlönd

Þegar Ágústus var keisari í Róm og Jesús starfaði meðal gyðinga, hvernig ætli hafi þá gengið hjá Íslendingum?

Þá voru bara engir Íslendingar til. Ísland er svo langt frá öðrum löndum að þangað hafði enginn maður komið. Enginn vissi einu sinni að Ísland væri til.



Á Norðurlöndum – í Danmörku, Noregi og Svíþjóð – bjó hins vegar sveitafólk sem hafði kúr og kindur og ræktaði korn á ökrum. Það kunní að vinna járn og smíða sér vopn og verkfæri úr jární. Þess vegna er þetta tímabil nefnt **járnöld**. Það er kallað „öld“ þó að það sé miklu lengra en hundrað ár.





Á undan járnöldinni fór **bronsöld**. Þá höfðu menn ekki lært að vinna járn. Bestu vopn og verkfæri voru þá gerð úr málmböndu sem heitir brons. (Núna er brons stundum notað í myndastyttur.) En hvað ætli tímínn á undan bronsöldinni sé kallaður? Hann á vel þekkt heiti: **steinöld**. Nafnið vísar til þess að þá var tinnusteinn besta efnið sem menn þekktu í vopn og verkfæri. Steinaldarmenn notuðu axir með steinblaði til að fella tré í skóginum og smíða sér hús og báta. Ekki samt svo góða báta að þeir gætu siglt alla leið til Íslands.



Steinöldin er eiginlega tvö mjög ólík tímabil. Fyrst voru steinaldarmennirnir veiðimenn sem flökkuðu um og veiddu dýr, fugla og fiska. Þeir söfnuðu líka skelfiski og eggjum, tíndu ber, sveppi og aðrar ætar jurtir. Seinna lærðu steinaldarmennirnir að stunda búskap, hafa húsdýr og rækta akra. Steinaldarbændur byggðu sér bóndabæi eða sveitaþorp.

Svona var það ekki bara á Norðurlöndum. Eins var til dæmis í Egyptalandi eða Grikklandi eða á Ítalíu: þar voru fyrst steinaldarveiðimenn, þá steinaldarbændur, síðan kom bronsöld. En á Íslandi voru aldrei steinaldarmenn.

Áður en steinaldarmenn komu til Norðurlanda var þar **ísöld**. Hún heitir ísöld af því að þá var svo kalt í veðri og stórir jöklar að löndin voru alveg þakin ís. Líka Ísland. Svo hlýnaði í veðri og jöklarnir bráðnuðu. Þá fyrst gátu steinaldarmenn komið til Norðurlanda, fyrst til Danmerkur af því hún er syðst, síðan Svíþjóðar og Noregs.



Víkingaskip og víkingaöld

Járnaldarfólkið á Norðurlöndum notaði mikið skip og báta. Út í eyjar og yfir sund var ekki hægt að komast nema á skipum. Það var líka fljótlegra og þægilegra að sigla með fram ströndinni en að ferðast á landi yfir fjöll og skóga, ár og mýrar. Skipasmiðir reyndu að smíða betri og betri skip og komust upp á lag með að smíða býsna fullkomin seglskip, svokölluð víkingaskip.



Víkingaskipið Íslendingur.

Víkingaskip, af hverju ætli þau séu kölluð það?

Fólk var ekkert sérstaklega friðsamt á Norðurlöndum á víkingatímanum. Hraustir bardagamenn voru fyrirmyndirnar sem flestir strákar vildu líkjast. Karlmenn áttu vopn – spjót, sverð eða stríðsöxi – og fóru helst ekkert nema vopnaðir. Ef menn lentu í deilum eða móðguðu hver annan, þá var hætt við að þeir létu vopnin tala. Höfðingjar reyndu að verða enn voldugri með því að sigra aðra höfðingja.

Stundum söfnuðu menn liði og sigldu burt, þangað sem enginn þekkti þá, til að ræna og rupla. Menn sem fóru í slíkar ránsferðir voru kallaðir **víkingar**. Þess vegna eru skipin, sem þeir notuðu, kölluð víkingaskip. Á þeim gátu þeir farið í langar ránsferðir: alla leið til Frakklands, Englands og Írlands, austur um Rússland og



suður um Úkraínu. Þeir gátu róið skipum sínum eftir ánum langt inn í land, jafnvel dregið skipin á landi frá einni á yfir á aðra.

Víkingar rændu peningum og dýrgripum og öllu mögulegu sem þeir gátu flutt með sér og selt. Þeir rændu líka fólki og seldu það sem þræla. Stundum létu þeir borga sér fyrir að ræna ekki. Þegar víkingar voru orðnir kunnugir í löndunum sem þeir herjuðu á fóru þeir að gera fleira en bara ræna. Sumir urðu hermenn eða herforingjar, gátu jafnvel orðið höfðingjar yfir heilum héruðum. Sumir urðu kaupmenn og notuðu víkingaskipin til að flytja vörur sem þeir keyptu og seldu. Margir eignuðust líka jarðir í sveit og gerðust bændur.

Þegar víkingar frá Norðurlöndum fóru að herja á fjarlæg lönd byrjaði tímabil sem er kallað **víkingaöld**. Það gerðist í kring um árið 800, á sama tíma og Karl mikli var keisari.



Landnámsmenn

Í heimalöndum víkinga voru bara sveitir, engar borgir. Víkingarnir voru bændasynir og flestir ætluðu að verða bændur sjálfir.



Á Eiríksstöðum í Haukadal voru grafnar upp fornar bæjar-rústir og byggð eftirlíking af bænum eins og hann var að fornu. Myndirnar sýna bæinn og fólk í fornmannabúningum.

En fyrst vildu þeir vera ræningjar eða hermenn og auðgast svo að þeir gætu orðið ríkir bændur á stórri jörð með margt fólk í vinnu. Það gátu ekki allir farið heim og orðið bændur í sinni gömlu sveit, til dæmis í Noregi. Þar voru ekki til svo margar jarðir. Þess vegna urðu margir víkingar bændur í öðrum löndum, til dæmis á Englandi.

Svo fundu víkingar líka óbyggð lönd langt úti í hafi. Þar var hægt að eignast stórar jarðir fyrir ekki neitt, bara nema þar land. Þá kallast maður landnámsmaður. Landnámsmenn sigldu á víkingaskipum, tóku með sér fjölskylduna, vinnufólk, þræla, húsdýr og allt sem þurfti til að byrja nýtt líf í nýju landi.






Norskir víkingar fundu fyrst Færeyjar, líklega alveg óvart þegar þeir villtust á hafinu. Svo komu landnámsmenn til Færeyja og farið var að sigla milli Færeyja og Noregs. Þá villtust einhverjir svo langt fram hjá Færeyjum að þeir fundu Ísland. Síðan fundu Íslendingar Grænland. Enn síðar villtust skip á leið til Grænlands og rákust á landið sem nú heitir Kanada og Bandaríkin. Það kölluðu víkingarnir Vínland.



Ingólfur og Auður

Á Íslandi eru til gamlar sögur af mjög mörgum landnámsmönnum.

Frægasti landnámsmaðurinn hét **Ingólfur Arnarson**. Landnámið hans var í Reykjavík og það var talið að hann hefði komið fyrstur landnámsmanna til Íslands. Það er merkileg tilviljun að bærinn hans skyldi seinna verða höfuðborg Íslands. Þar stendur nú stytta af Ingólfi og nöfn eins og Ingólfsstræti og Ingólfstorg minna á landnámsmanninn. Kona Ingólfs hét Hallveig, við hana er kenndur Hallveigarstígur og Hallveigarstaðir.



Stytta af Ingólfi Arnarsyni í herklæðum. Drekahausinn táknar stafninn á vikingaskipi.

Á Akureyri eru Þórunnarstræti og Helgamagrastræti kennd við landnáms hjónin Þórunni hyrnu og Helga magra og þar er líka stytta af þeim. Í mörgum öðrum bæjum er eitthvað sem minnir á

Atriði úr sögunni af Ingólfi Arnarsyni. Maðurinn, sem liggur við hliðina á dauðum uxa, er fóstbróðir Ingólfs. En hverjir ætli séu að flýta sér burt?



landnámið og landnámsfólkið. Stundum eru það fiskiskip sem fá heiti landnámsmannsins.

Þórunn hynna og Helgi magri voru þau kölluð. Í gamla daga þótti ekkert ljótt að uppnefna fólk og margir fornmenn eru alltaf nefndir með viðurnefni eins og það er kallað. Ekki samt Ingólfur Arnarson. En félagi Ingólfs og fóstbróðir hét Leifur og var kallaður Hjörleifur – af því hann átti svo merkilegt sverð, en hjör þýðir sverð.

Systir Þórunnar hynnu hét **Auður** og var kölluð djúpúðga – af því hún var svo djúpvitur. Þær ólust upp í Noregi þar sem faðir þeirra var voldugur maður. Hann hét Ketill, kallaður flatnefur. Síðan gerðist hann víkingaforingi og fór til Skotlands. Þar voru norskir víkingar búnir að leggja undir sig eyjarnar kringum landið og Ketill varð höfðingi þar. Auður giftist ungum víkingaforingja sem tókst að verða konungur yfir hluta af Írlandi. En svo féll hann í orrustu. Þá fór Auður til sonar síns sem líka var víkingur sem var búinn að leggja undir sig nokkuð af Skotlandi. En hann var fljótlega drepinn líka. Það var hættulegt starf að vera víkingaforingi.

Sonur Auðar lét eftir sig sjö börn sem nú urðu að treysta forsjá ömmu sinnar. Auður lét smíða sér skip, réð sér áhöfn og sigldi með barnabörnin til Íslands. Þar gerðist hún landnámskona og skipulagði landnám í heilu héraði, Dölunum, þar sem nú er Búðardalur.



Steinkross á Krosshólaborg í Dölum, reistur sem minnismerki um Auði djúpúðgu.



Söfn og sýningar

Hvar kynnumst við sögunni? Í bókum og í skólanum. En líka á söfnum, sýningum og sögustöðum.

Frá Þingvöllum sem Íslendingar telja sinn merkasta sögustað. Þing fornmannanna var í Almannagjá (til vinstri), á gjárbarminum og í brekkunni niður að Öxará (til hægri).



Sögustaðir eru staðir sem þykja merkilegir vegna þess að þar gerðist eitthvað sérstakt áður fyrr. Í Íslendingasögum er sagt hvar söguhetjurnar áttu heima og hvar atburðirnir gerðust. Ferðamönnum er oft bent á slíka sögustaði og um þá eru skipulagðar sérstakar ferðir, til dæmis „á Njáluslóðir“. Um allt Ísland eru til staðir þar sem landnámsmenn áttu heima. Þá eru **Þingvellir** alveg sérstakur sögustaður, öldum saman mikilvægasti staður á Íslandi.

Á sumum sögustöðum hefur eitthvað verið útbúið til að minna á gamla tímann. Á Þingvöllum er fræðslumiðstöð með upplýsingum



um sögu staðarins. Í Borgarnesi er landnámssetur. Á Stöng í Þjórsárdal og á Eiríksstöðum í Haukadal hafa verið grafnar upp **forminjar** og byggðar eftirlíkingar til að sýna húsakynni forn-
manna. Við Aðalstræti í Reykjavík hafa líka verið grafnar upp forn-
minjar og gerð um þær landnámssýning með ýmsum fróðleik.

Fornminjarnar, sem sjást á svona stöðum, eru það sem eftir er af húsunum því þau er ekki hægt að flytja burt. Smærri hlutir, sem finnast við fornleifarannsóknir, eru fluttir á söfn. Á sumum byggða-
söfnum eru til minjar frá elstu tíð Íslandssögunnar. Langmest af þeim er samt í **Þjóðminjasafninu** í Reykjavík. Þar er sýning sem hægt er að skoða til að kynnast lífi fornmannanna. Í Þjóðmenningar-
húsinu í Reykjavík er sýning um gömul handrit.



*Þjóðminjasafnið í Reykjavík.
Þar er saga Íslands sögð með því að sýna hluti úr fortíðinni,
sumt fornleifar sem grafnar hafa verið úr jörðu.*





Frá landnámssýningunni í
Aðalstræti í Reykjavík.

Landnámssýningin í Aðalstæti heitir: „**Reykjavík 871±2**“. Þarna er ártal: 871. Hvað ætli hafi gerst á Íslandi það ár? Það var eldgos. Frá því gosi kom svo mikil aska að hún finnst enn þá í jörðu víða á Íslandi. Hún fauk líka alla leið til Grænlands og lenti á Grænlandsjökli. Þar má enn finna agnarögn af henni djúpt niðri í jöklinum. Í jökulísnum er hægt að telja hvað hafa komið margra ára lög af snjó ofan á þessa ösku. Þannig er hægt að reikna út hvaða ár gosið varð. Það reynist vera 871. (Þetta ±2 – „plús/mínus tveir“ – táknar hvað aðferðin er nákvæm. Það geti í mesta lagi skakkað tveimur árum á ártalinu.)

Á landnámssýningunni sést brot af garði sem var búið að hlaða úr torfi áður en þessi gosaska féll. Hann var þá hlaðinn í síðasta lagi 871, kannski fyrr. Og það þykir svo merkilegt að öll sýningin fær þetta ártal fyrir nafn.

Það sem þykir svo merkilegt við þetta, það er að ártalið 871 er á undan 874 sem er frægt ártal í Íslandssögunni. Það stendur nefnilega í einu fornritinu, sjálfri **Landnámabók**, að árið 874 hafi Ingólfur Arnarson siglt til Íslands til að nema land. Lengi lærðu allir í skólum að einmitt það ár hafi landnámið byrjað. Þúsund ára afmælis landnámsins var minnst með þjóðhátíð 1874. (Af hvaða tilefni var þá haldin þjóðhátíð 1974?)



En nú sýna fornleifarnar við Aðalstræti (líka á fáeinum stöðum öðrum) að ártalið 874 getur ekki verið nákvæmlega rétt. Eitthvert fólk var komið til Íslands áður. Ef Ingólfur Arnarson var í rauninni fyrsti landnámsmaðurinn, þá hlýtur hann að hafa verið fyrr á ferð en Landnámabók segir. Það er líka alveg eðlilegt, þegar einhver reynir að finna út svona ártal tveim eða þrem öldum seinna, að það takist ekki mjög nákvæmlega.

Svona breytist þekkingin smátt og smátt. Nýjar rannsóknir bæta við nýrri þekkingu og stundum sýna þær að gamla þekkingin var ekki rétt. Meiri rannsóknir eiga sjálfsagt eftir að breyta ýmsu af því sem stendur í þessari bók.



Sögusafnið í Perlunni í Reykjavík sýnir fræg atvik úr Íslandssögunni með eftirlíkingum af sögupersónum. Maðurinn á þessari mynd er Þorgeir Ljósvetningagoði. Hann var lögsögumaður á Alþingi. Þorgeir var sjálfur heiðinn en lagði samt til að Ísland yrði kristið land. Hér er hann að leggjast undir feld til að hugsa sig um. Seinna í bókinni er sagt frá lögsögumanni (á blaðsíðu 75) og kristnitökunni (blaðsíðu 64 og 65).



Íslendingar í heiðni og kristni



Egill Skallagrímsson

Einn af landnámsmönnum hét Grímur, kallaður Skallagrímur. Hann kom frá Noregi og settist að þar sem nú er Borgarnes. Skallagrímur átti tvo syni. Sá yngri hét **Egill** og var hálfgerð vandræðabarn, geðvondur og óþægur og tapsár í leikjum. Hann var líka ótrúlega ófríður, bæði sem barn og þegar hann varð eldri. Egill var stór og sterkur eftir aldri og hafði skap til að verða mikill bardagamaður þegar hann yrði fullorðinn. Einu sinni hafði Egill drepið leikfélaga sinn með öxi. Þá sagði mamma hans bara að hann yrði einhvern tíma víkingur.

Egill Skallagrímsson varð vissulega víkingur. Hann var mikið í útlöndum og




Myndir af Agli Skallagrímssyni. Sú minni er úr handriti. Hin er hjá Skallagrímshaugi í Borgarnesi. Sonur Egils druknaði í sjónum og fannst í fjörunni. Pabbi hans reidir líkið heim til að jarða það.



lenti í alls konar ævintýrum. Stundum fór hann í ránsferðir með víkingum. Á Englandi barðist hann í her enska konungsins og reyndist mikill kappi.

Svo var Egill líka skáld. Sumir Íslendingar á þessum tíma æfðu sig að yrkja mjög flókin kvæði. Það þótti merkilegt að heimsækja útlendan konung og vera búinn að yrkja kvæði honum til heiðurs. Þá átti skáldið að flytja kvæðið, svo að öll hirðin heyrði til, og svo gaf konungur skáldinu kvæðislaun, peninga eða góðan grip.

Sumar sögurnar af Agli Skallagrímssyni eru frekar ótrúlegar. Hann var ósigrandi í bardögum, jafnvel þótt hann berðist einn á móti ellefu, og slapp óskaddaður úr öllum hættum. Hann var svo sterkur að hann gat drepið naut með berum höndum. Hann var meira að segja göldróttur þegar á þurfti að halda. Þessu trúum við nú ekki alveg. En Egill var til í raun og veru. Heima á Íslandi átti hann konu og börn, var ríkur bóndi og virðulegur höfðingi.



Frá leiksýningu um Egil Skallagrímsson.



Þorgerður, Melkorka og Ólafur pá


Egill Skallagrímsson átti dóttur sem hann hélt mikið upp á. Hún hét **Þorgerður**. Þegar Þorgerður var orðin eldri fékk hún að fara með Agli til Alþingis. Allir höfðingjar landsins fóru til Alþingis á Þingvöllum og tóku með sér hóp af fólki. Konur réðu engu á þingi en máttu koma sér til skemmtunar.

Á þinginu hitti Egill annan höfðingja sem hét Höskuldur. Auður djúpúðga var langamma Höskuldar. Hún hafði gefið foreldrum hans heilan dal af landnámi sínu.

Nú átti Höskuldur erindi við Egil. Hann vildi fá Þorgerði fyrir konu handa **Ólafi** syni sínum. Höskuldur var búinn að tala um þetta við Ólaf en hann ætlaði ekkert að spyrja Þorgerði. Stelpur á þessum tíma áttu að giftast þeim sem faðir þeirra ákvað. En Þorgerður var mjög ákveðin ung kona og Egill sagði að það þýddi ekki fyrir nokkurn mann að giftast henni ef hún vildi það ekki sjálf.

Egill fór og talaði við Þorgerði. Honum fannst rétt að hún giftist Ólafi. Hann væri myndarlegur maður og frægur og af nógu góðum ættum fyrir höfðingjadóttur.

En Þorgerði fannst hann einmitt ekki nógu vel ættaður. Hann væri nefnilega ambáttarsonur. Það var alveg rétt. Höskuldur hafði ekki eignast Ólaf með konunni sinni heldur með ambátt. En Egill sagði að það væri síst verra því að móðir Ólafs hefði verið konungsdóttir áður en hún var gerð að ambátt. Þorgerði fannst það



samt ekki nógu gott. Ekki fyrr en Ólafur kom sjálfur og talaði við hana heilan dag. Þá leist henni vel á hann og setti það ekki lengur fyrir sig þó að móðir hans hefði einu sinni verið ambátt.

Ambáttin, móðir Ólafs, hét **Melkorka**. Hún var frá Írlandi þar sem faðir hennar var konungur. En þegar hún var fimmtán ára höfðu víkingar rænt henni. Einhvern veginn komst hún í eigu kaupmanns sem flutti hana til Svíþjóðar. Þar var Höskuldur á ferðalagi og datt í hug að kaupa sér ambátt. Hann skoðaði nokkrar en keypti svo Melkorku – þótt hún væri þrefalt dýrari en hinar og þó að hann vissi ekkert um hana. Hún neitaði að tala – það hefði hvort sem er enginn skilið írskuna hennar – og fólk hélt að hún væri mállaus.

Höskuld vantaði ekki ambátt til að láta hana vinna heldur til að hafa hana sem hjákonu. Samt átti hann konu, en hún var heima á Íslandi. Höskuldur eignaðist soninn Ólaf með Melkorku. Þegar hann stálpaðist fór Melkorka loksins að tala. Ólafur litli lærði írsku af mömmu sinni og hjálpaði henni að æfa sig í íslensku.

En nú var Ólafur vaxinn úr grasi. Hann var orðinn stór og glæsilegur maður sem allir tóku eftir. Hann gekk líka í svo fínum fötum að faðir hans gaf honum viðurnefni, kallaði hann Ólaf pá sem þýðir páfugl. Ólafur pá var búinn að fara til útlanda, hafði verið við hirð Noregskonungs og heimsótt afa sinn til Írlands. Og nú var hann orðinn tengdasonur sjálfs Egils Skallagrímssonar.





Úr íslenskum spilum,
Hallgerður langbrók og
Guðrún Ósvífursdóttir sem
tíguldrottning



Minnisvarði um Guðrúnu
Ósvífursdóttur á Helgafelli
nálægt Stykkishólmi. Þar átti
hún heima og var jörðuð í
kirkjugarði.

Kjartan og Guðrún

Ólafur pá og Þorgerður Egilsdóttir áttu sjö börn, fyrst son sem þau nefndu **Kjartan**. Langafi hans á Írlandi, faðir Melkorku, hafði heitið Mýrkjartan. Það hefur þeim þótt of skrýtið nafn til að nota á Íslandi svo að þau stytta það í Kjartan.


Kjartan Ólafsson varð stór og sterkur eins og Egill afi hans. En Kjartan var eins fríður og Egill hafði verið ljótur, og Kjartan hafði ekki skapið hans afa síns heldur var hann glaður og vinsæll.

Eitt gerði Kjartan Ólafsson sem kom honum í vandræði. Hann átti tvær kærustur í einu. Sú fyrri hét **Guðrún Ósvífursdóttir**, gáfuð kona og glæsileg sem var búin að eiga tvo menn, skilja við annan og missa hinn, þegar hún kynntist Kjartani. Þau voru hrifin hvort af öðru en Kjartan vildi ekki gifta sig fyrr en hann væri búinn að vinna sér frægð og frama í útlöndum. Hann vildi alls ekki taka Guðrúnu með. Það tíðkaðist ekki á slíkum ferðum að vera með kærustu með sér. Kjartan vildi fá að vera í burtu í þrjú ár og láta Guðrúnu bíða eftir sér.

Eftir þrjú ár frétti Guðrún að Kjartan væri alls ekki á heimleið. Hann væri hjá kónginum í Noregi og systir konungsins væri orðin mjög góð vinkona hans. Á fjórða árinu ákvað Kjartan samt að hætta við norsku kærustuna og drífa sig heim til Guðrúnar. En það var of seint. Hún var gift öðrum, manni sem hét Bolli og hafði verið besti vinur Kjartans. Foreldrar Kjartans, Ólafur og Þorgerður, höfðu tekið Bolla í fóstur svo að þeir Kjartan ólust upp sem fóstbræður.



Kjartan gat ekki sætt sig við að Guðrún væri gift Bolla. Hann giftist samt annarri konu og þá gat Guðrún alls ekki sætt sig við það. Þau urðu meiri og meiri óvinir, þangað til Guðrún fékk Bolla og bræður sína til að drepa Kjartan. Ólafur þá vildi ekki hefna sín á Bolla, fóstursyni sínum, og lét sér nægja að hann borgaði skaðabætur. En þegar Ólafur var dáinn tók Þorgerður til sinna ráða. Hún var nógu lík föður sínum til að vilja hefnd fyrir Kjartan, blóðhefnd. Þorgerður eggjaði syni sína þangað til þeir söfnuðu liði og drápu Bolla. Svo þurfti Guðrún að skipuleggja hefnd eftir Bolla. En alla ævi var það Kjartan sem hún sá eftir, líka þó að hún giftist í fjórða sinn.



Íslendingasögur

Um fræga fólkið í gamla daga, fólk eins og Egil Skallagrímsson og Kjartan Ólafsson, eru til gamlar bækur sem heita **Íslendingasögur**. Ein þeirra heitir til dæmis Egils saga (eða Egla) og er um Egil. Sagan um Kjartan heitir Laxdæla saga af því að ætt Kjartans átti heima í Laxárdal, en það var einmitt dalurinn sem Auður djúpúðga gaf foreldrum Höskuldar. Grettis saga er um Gretti sterka Ásmundarson sem var frægur kappi og útlagi. Annar útlagi hét Gísli Súrsson



Gunnar á Hlíðarenda með slitinn bogastreng og kona hans, Hallgerður langbrók. Hvað skyldi Gunnar biðja Hallgerði að gefa sér?



og um hann er Gísla saga. Ein frægasta sagan heitir Njála eða Njáls saga. Hún er um gamlan og vitran mann, Njál á Bergþórshvoli, sem dó í Njálsbrennu. Þá höfðu óvinir kveikt í bænum til þess að drepa syni Njáls. Einn þeirra hét Skarphéðinn og var frægur garpur. Snjallasti bardagamaðurinn í Njáls sögu er samt Gunnar á Hlíðarenda, vinur Njáls og Skarphéðins.

Af öllum þessum söguhetjum er bara ein, Egill, sem ekki er drepin í sögunni. Flestar Íslendingasögur eru að því leyti sorglegar að mestu hetjurnar lenda í vandræðum og falla að lokum fyrir óvinum sínum. Síðan byrja oft hefndirnar, eins og eftir víg Kjartans Ólafssonar. Njálsbrennu var líka hefnt með því að drepa fjölda manns.

Konur í Íslendingasögum berjast ekki sjálfar en þær eggja karlmennina eins og Guðrún Ósvífursdóttir og Þorgerður Egilsdóttir. Það gerðu þær líka, Bergþóra kona Njáls og kona Gunnars á Hlíðarenda, Hallgerður langbrók. Hún var reyndar systir Ólafs pá.

Var hún systir hans í alvöru eða bara í sögunni? Örugglega í alvöru. Flestar söguhetjur



Íslendingasagna hafa verið til í raun og veru. Við vitum hvað þær hétu, hvar þær áttu heima og hverjum þær voru skyldar. En það er ekki víst að þær hafi raunverulega sagt og gert allt sem þær gera í sögunum.

Þegar menn skrifuðu sögurnar voru liðin nokkur hundruð ár frá því þær gerðust. Þá kunni fólk enn þá að segja frá ævintýrum forfedra sinna. En frásagnir, sem ungt fólk lærir af þeim eldri og kennir síðan börnunum sínum, þær breytast smátt og smátt í þjóðsögur sem enginn veit nákvæmlega hvort eru sannar.

Þannig hafa verið sagðar alls konar þjóðsögur um Egil Skallagrímsson þangað til einhver tók sig til og skrifaði Egils sögu. Höfundur sögunnar gat notað þjóðsögunnar eins og honum sýndist, líka breytt þeim ef honum fannst það gera söguna betri. Eitthvað af atburðum sögunnar hefur gerst í raun og veru. En ekki allt.

Eins er með Laxdælu. Það er ómögulegt að vita hvort Melkorka var í rauninni írsk konungsdóttir. Kannski var það bara saga sem einhverjum datt í hug til að útskýra af hverju Kjartan Ólafsson hét þessu írsku nafni.



Ólafur Tryggvason og Ólafur helgi

Íslendingasögur eru ekki einu fornsögurnar sem Íslendingar skrifuðu í gamla daga. Ein af þessum gömlu bókum heitir til dæmis Landnámabók. Þar eru sögur af Ingólfi, Skallagrími, Auði djúpúðgu og öðrum landnámsmönnum. Einnig voru skrifaðar frægar sögur um konungana í Noregi.

Kóngurinn, sem Kjartan Ólafsson var hjá í Noregi, hét **Ólafur Tryggvason** og hefur örugglega verið til í raun og veru, alveg eins og Kjartan. Ólafur kóngur hafði verið víkingur, stjórnað stórum víkingaher á Englandi og orðið frægur og ríkur. Síðan kom hann heim til Noregs, náði að leggja undir sig landið og verða konungur.



Sögurnar lýsa Ólafi Tryggvasyni sem miklu glæsímenni og hetju og frábærum íþróttamanni. Hann var til dæmis allra manna duglegastur í sundkeppni. En fornmenn kepptu þannig í sundi að tveir menn syntu út á djúpt vatn og kepptust svo við að kaffæra hvor annan eins lengi og þeir gátu. Eini sundmaðurinn sem gafst ekki upp fyrir Ólafi konungi reyndist vera Íslendingurinn Kjartan Ólafsson.

Þegar Ólafur Tryggvason var víkingur á Englandi hafði hann skipt um trú og orðið **kristinn**. Síðan vildi hann gera Noreg að kristnu landi þar sem allir væru skyldugir til að vera kristnir. Hann fékk kristniboða til að fara um landið og útskýra kristna trú fyrir fólki.



Sumir urðu kristnir af því að þeir trúðu kristniboðunum, aðrir meira af því að konungur heimtaði það. Hann vildi líka að Íslendingar, sem staddir voru í Noregi, yrðu kristnir. Kjartan Ólafsson neitaði fyrst að skipta um trú. En svo sannfærðist hann, var skírður til kristinnar trúar og gerðist góður vinur konungsins.

Ólafur Tryggvason var aðeins konungur í fimm ár. Þá féll hann í bardaga. Eftir það þurftu Norðmenn ekki að vera kristnir nema þeir kærðu sig um. Annar víkingaforingi, frændi Ólafs Tryggvasonar sem einnig hét Ólafur, kom skömmu síðar, lagði undir sig Noreg og varð konungur. Hann var líka kristinn og honum tókst að gera Noreg að kristnu ríki. Fyrir það var hann talinn heilagur maður og nefndur **Ólafur helgi**.

Kristnitakan á Íslandi

Ólafur Tryggvason vildi ekki aðeins að allir væru kristnir í Noregi. Hann sendi líka kristniboða til Íslands og ætlaðist til að Íslendingar tækju kristni. Sumir samþykktu það og voru skírðir til kristinnar trúar. Þá var það húsbóndinn sem réð og allt heimilisfólkið var skírt. En margir vildu fremur halda í heiðnu trúna.

Þingvallakirkja.





Ásatrú var bönnuð með lögum í mörg hundruð ár. En nú er trúfrelsi og Félag ásatrúarmanna hefur helgiathafnir í fornum stíl.



að trú á heiðin goð og það mætti hann ekki komast upp með. Þess vegna vildi Ólafur Tryggvason að Íslendingar samþykktu ný lög um að allir yrðu að vera kristnir. Með þau skilaboð sendi hann íslenskan höfðingja, Gissur hvíta, sem hafði verið í Noregi. Gissur hvíti fór beint á Alþingi því að þar var hægt að setja ný lög. Hann flutti skilaboð Ólafs konungs og lýsti því af hverju kristnin væri miklu betri trú.

Hvað átti nú að gera? Um það fóru menn að deila og urðu svo ósammála að það munaði minnstu að bardagi hæfist á þinginu. Að lokum voru sett lög um að allir yrðu að vera kristnir. Það er kallað **kristnitakan** á Íslandi af því að það heitir að taka trú.

Það er óneitanlega merkilegt að kristnitakan skyldi fást samþykkt því að kristnir menn voru í minnihluta á Alþingi. Í sumum forn-sögum er það útskýrt með því að Ólafur Tryggvason hafi haldið íslenskum höfðingjasonum sem gíslum. Þá þorðu feður þeirra og



frændur ekki að vera á móti kristnitökunni; annars gæti eitthvað slæmt komið fyrir ungu mennina. Auk þess gæti Ólafur bannað Íslendingum að sigla til Noregs ef þeir samþykktu ekki trúskiptin. Fáum mánuðum eftir kristnitökuna féll Ólafur Tryggvason. Ef Íslendingar höfðu bara tekið kristni til þess að þóknast honum fengu þeir nú tækifæri til að hætta við og verða heiðnir aftur. En það gerðu þeir ekki. Fólk virðist fljótt hafa orðið ánægt með nýju trúarbrögðin og ekki viljað hverfa frá þeim.

Fyrst eftir kristnitöku var ekkert í landinu sem þurfti fyrir kristna söfnuði: til dæmis engar kirkjur og engir prestar. En mjög fljótt fóru menn að byggja kirkjur, fyrst litlar kirkjur heima hjá höfðingjunum. Nokkrir útlendir biskupar komu líka til Íslands að hjálpa til við kristnihaldið. Þeir gátu kennt íslenskum piltum að verða prestar – ekki stúlkum því það var harðbannað að konur væru prestar. Og þeir ferðuðust um landið til að vígja kirkjurnar og ferma börnin.

Kjartan Ólafsson var veginn skömmu eftir kristnitöku. Þá var engin kirkja og enginn prestur í öllu hans héraði. En móðurbróðir Kjartans, sonur Egils Skallagrímssonar, var nýbúinn að byggja kirkju suður í Borgarfirði. Þess vegna var lík Kjartans flutt þangað og grafið í kirkjugarðinum.

Heiðni og kristni

Greftrun látinna var eitt af því sem breyttist við kristnitökuna. Áður voru ekki kirkjugarðar heldur gróf fólk hina látnu einhvers staðar hæfilega langt frá bænum. Í gröfina voru lögð einhver verðmæti, líkt og fólk héldi að sá dáni gæti haft not af þeim í öðru lífi.



Í heiðni var dáið fólk jarðað og hlaðinn haugur yfir gröfina. Í hauginn var lagt haugfé, til dæmis vopn eða skartgripir. Ef slíkt finnst nú eru það merkar fornleifar.



Oft var hlaðin hæð yfir gröfina til að gera hana sýnilega, svokallaður **haugur**. Þess vegna heitir svona greftrun að „heygja“ fólk, og verðmætin sem það fékk með sér kallast haugfé. Í kristni var hætt að nota haugfé og allir jarðaðir í vígðum kirkjugörðum.

Eftir kristnitöku þurfti líka að skíra öll börn. En það hafði verið gert með líkum hætti í heiðni, kallað að barnið væri „vatni ausið“. Kannski var það kristin siðvenja sem norrænir heiðingjar höfðu einhvern veginn lært.

Óðinn átti spjótið Gungni og hrafnana Hugin og Munin.



Þegar prestum fjölgaði var farið að messa í kirkjum landsins. En gamla helgihaldið var bannað. Það hafði kallast **blót** og snerist um að færa fórnir, líkt og Rómverjar höfðu gert og margar þjóðir aðrar. Það var hægt að vera aleinn við að blóta, en það var líka blótað í fjölmenni, til dæmis á Alþingi, og við samkomur sem hétu blótveislur.

Þessar heiðnu fórnfæringar eru allt annað en það sem við köllum „blót“ núna. Kristnir menn sögðu að með blótum væru heiðingjarnir í rauninni að dýrka djöfulinn. Og með því að nota áhersluorð sem tengjast djöflinum, eins og helvíti eða andskoti, voru menn líka taldir dýrka eða ákalla djöfulinn; þess vegna var hægt að kalla það blót.

Heiðnir Íslendingar höfðu trúnað á margs konar dularfullar verur, svonefndar vættir, og líka á guði og gyðjur líkt og Rómverjar. Vinsælustu guðirnir hétu Óðinn, Þór og Freyr en



gyðjurnar Frigg og Freyja. Guðir og gyðjur, sem í einu lagi nefnast goð, höfðu lent í ýmsum ævintýrum sem gaman var að segja sögur af. Fólk kunni líka kvæði um goðin og stundum voru atburðir úr lífi þeirra sýndir á myndum. Myndirnar voru bæði skornar í tré og höggvar út á rúnasteina.

Lög landsins breyttust ekki mikið við kristnitökuna. Það var til dæmis áfram heimilt að hafa þræla og áfram leyfilegt að drepa fólk til að hefna sín ef rík ástæða var til. Um sumt hafði kristnin alveg sérstakar reglur, til dæmis að maður og kona mættu ekki gifta sig ef þau hefðu átt sömu langa-langömmu. Það var líka bannað að éta hrossakjöt og bannað að bera út börn. En í heiðni hafði faðirinn rétt til að ákveða, þegar honum var sýnt barnið í fyrsta sinn, hvort ætti að ala það upp eða bera það út. Að „bera út“ barn þýðir að skilja það eftir á víðavangi og láta það deyja þar.


Þegar kristnitakan var samþykkt á Alþingi var reynt að koma til móts við heiðingja með því að leyfa áfram barnaútburð og hrossakjötsát. Þriðja tilslökunin var sú að það mátti ekki dæma fólk fyrir að blóta ef enginn sá til. Aðeins mátti kæra og dæma fyrir blót ef aðrir voru viðstaddir og sögðu frá.

Rúnir og handrit

Þegar Egill Skallagrímsson vildi galdra, þá gerði hann það með því að rista töfrarúnir. Sjálfsgagt er bara þjóðsaga að Egill hafi verið göldróttur en það getur vel staðist að hann hafi kunnað rúnir. Það var sérstakt stafróf sem notað var á Norðurlöndum. **Rúnir** voru oft ristar í tré, stundum líka höggvar í stein. En þær voru ekki notaðar



Þór bar hamarinn Mjölni og ók í kerru sem geithafrar drógu.



Sænskur rúnasteinn frá víkingaöld.





Eitt frægasta skinnhandritið heitir Möðruvallabók. Í henni eru margar Íslendingasögur, Egils saga, Laxdæla saga, Njáls saga og fleiri.

til að skrifa heilar bækur. Sögur og kvæði lagði fólk bara á minnið. Vitrir menn, eins og Njáll á Bergþórshvoli, kunnu öll lög landsins án þess að hafa nokkurn tíma lesið þau.

Bækur komu með kristninni. Prestar þurftu að vera læsir. Þegar þeir messuðu áttu þeir ekki að kunna allt utan að heldur hafa bók til að minna sig á. Bækur voru ekki prentaðar á pappír heldur skrifaðar með bleki og penna (úr fuglsfjöður) á þunnt skinn af kálfum eða lömbum. Af því að bækur voru skrifaðar með hendinni eru þær kallaðar **handrit**.

Fyrstu handritin á Íslandi voru útlend og notuð í kirkjunni. En svo var líka farið að skrifa bækur á íslensku. Lögin voru skrifuð á bók, líka Landnámabók um landnámsmennina. Seinna var farið að skrifa Íslendingasögur og konungasögur og margt fleira. Sum gömlu handritin eru enn þá til. Þau eru talin þjóðgæðingur því að fornritin eru svo merkilegur partur af íslenskri menningu.





Eiríksstaðir í Haukadal, bær sem er eftirlíking af húsakynnum fornanna.



Sveitafólk

Í mörg hundruð ár áttu allir Íslendingar heima í sveit. Þorp eða bæir voru ekki til. Einu heimilin á öllu landinu voru sveitabæir. Og næstum allt sem fólk gerði fór fram heima á sveitabæjunum.

Þá voru engar búðir til að versla í, engir skólar fyrir börnin, og full-orðna fólkið fór ekki að heiman til vinnu á morgnana. Allir unnu heima: við að hirða um kúr og kindur, slá grasið og heyja til vetrarins, spinna og vefa úr ullinni, smíða og byggja, elda matinn, sauma fötin – gera allt sem þurfti.

Ef fólk þurfti að vinna langt frá bænum, til dæmis við að smala kindum eða safna eggjum úr fuglabjörgum eða veiða silung langt inni á heiðum, þá fór það með tjald og nesti. Sjómenn, sem fóru að heiman í margar vikur til að róa á bátum og veiða fisk, héldu til í skýlum úti við sjóinn og komu svo heim á sveitabæina aftur þegar vertíðinni lauk.



Á byggðasöfnum um allt land má sjá muni frá þeim tíma þegar Íslendingar áttu heima í sveit og flestir hlutir voru smíðaðir heima.



Til matar hafði fólk aðallega það sem húsdýrin gáfu af sér. Bæði kýr og kindur voru mjólkaðar. Úr mjólkinni kunni fólk að gera smjör, skyr, ost og ýmislegt fleira. Húsdýrum var líka slátrað og kjötið haft til matar. Auk þess veiddi fólk fisk í sjó og vötnum, veiddi seli og fugla og safnaði eggjum. Nokkrar villtar jurtir kunni fólk að nýta og eitthvað var ræktað af byggi til að hafa í graut og brauð. Smávegis af korni eða mjöli var líka flutt inn frá Noregi. Á móti fengu Norðmenn íslenskt ullarefni til að nota í föt eða segl. Þess háttar efni var búið til á hverjum sveitabæ úr ullinni af kindunum. Það var notað í staðinn fyrir peninga til að borga fyrir hluti. Og auðvitað var það líka notað í föt. Bara fínustu spariföt voru úr útlendu efni.



Bændur voru þeir sem mestu réðu í landinu, sérstaklega ríkir bændur sem áttu stórar jarðir og mörg húsdýr. Flestir strákar ætluðu að verða bændur. Kannski langaði þá til að fara fyrst að heiman og lenda í ævintýrum, til dæmis sem víkingar. En svo vildu þeir eignast jörð og heimili í sveit. Og flestar stelpur ætluðu að verða bóndakonur. Þær gátu kannski hugsað sér að trúlofast einhverjum frægum víkingi eða skáldi – en það þýddi ekki að giftast honum fyrr en hann væri orðinn bóndi.

En gat stelpan ekki orðið bara bóndi sjálf þegar hún yrði stór? Auður djúpúðga hafði verið bóndi, meira að segja landnámskona í heilu héraði. En hún var líka ekkja því hún hafði misst manninn sinn. Þó að gift kona ætti jörð gat hún ekki ráðið yfir búinu sjálf. Maðurinn hennar gerði það.



Þrælar

Fornmenn á Íslandi áttu **þræla**, alveg eins og Rómverjar og Forn-Grikkir og margar aðrar fornar þjóðir. Við munum til dæmis að Melkorka var ambátt sem víkingar höfðu rænt og selt til Íslands. Og í sögum af landnámsmönnum og öðrum fornmönnum höfum við örugglega rekist á þræla og ambáttir, til dæmis í sögunni af fóstbræðrunum Hjörleifi og Ingólfi.

Að eiga þræl var næstum eins og að eiga hest. Eigandinn gat ráðið yfir þrælum eins og honum sýndist, sagt honum að vinna hvað sem var og selt hann eða gefið ef hann kærði sig ekki um að eiga hann lengur.

Ef eigandinn leyfði þrælum að giftast gátu þeir átt eigið heimili. Hann þurfti ekki að borga þeim neitt kaup en hann gat, ef hann vildi, leyft þeim að vinna sér inn einhverjar tekjur. Hann gat jafnvel gefið þeim frelsi.

Ætli sé nú líklegt að margir húsbændur hafi verið að veita þrælunum sínum þessi réttindi? Jafnvel gefið þeim frelsi?

Já, það gat vel verið. Þrælar gátu orðið vinir fjölskyldunnar. Og það gat líka borgað sig að gera vel við þræla svo að þeir vildu vinna vel og vera húsbónda sínum trúir. Þræll, sem hafði von um frelsi á endanum, myndi gera sitt besta til að þóknast eiganda sínum. Ef húsbóndinn leyfði þræl og ambátt að gifta sig og búa saman, þá



Úr leiksýningu um ambáttina Brák sem var barnfóstra Egils Skallagrímssonar.



eignaðist hann líka börnin þeirra – þau voru þrælar frá fæðingu. Og ef eigandinn leyfði þrælahjónunum að hafa tekjur, til dæmis að eiga sjálf nokkrar kindur, þá myndu þau nota tekjurnar til að kaupa frelsi handa sér og börnunum.

„Kaupir þú ekki bara krakkann líka?“

Smám saman hættu Íslendingar að hafa þræla. Það var samt aldrei bannað. Þó að Ísland yrði kristið máttu kristnir menn eiga kristna þræla. Íslenskir þrælahaldarar máttu ala upp þrælabörn

og þeir gátu líka keypt sér þræla frá

útlöndum. En þeir hættu því

smám saman og vildu frekar

ráða frjálst fólk í vinnu. Þræl-

arnir á Íslandi urðu færri og

færri og síðast voru engir

eftir. Kennslubók eins og

þessi ætti helst að geta

útskýrt af hverju. En

í rauninni vitum við

ekki nákvæmlega af

hverju Íslendingum

fannst ekki lengur

borga sig að hafa

þræla. Það er ekki

hægt að vita allt

um fortíðina.



Goðar og þing

Við munum eftir kristnitökunni sem var samþykkt á Alþingi. Þar voru höfðingjar landsins og þeir réðu hvað varð að lögum. Við munum líka eftir honum Agli Skallagrímssyni sem fór til Alþingis ásamt Þorgerði dóttur sinni. Það var einmitt á þinginu sem hún trúlofaðist Ólafi, syni ambáttarinnar Melkorku.

Alþingi er líka til núna. Þar eru þingmenn og þeir ákveða hvað eru lög á Íslandi. Sumir þeirra eru ráðherrar. Einn er til dæmis menntamálaráðherra og ræður yfir skólunum. Allir ráðherrarnir í einu lagi eru nefndir ríkisstjórn.

Á fyrri öldum var engin ríkisstjórn á Íslandi og engir ráðherrar. Æðstu menn í landinu voru höfðingjar sem kölluðust **goðar**. Í heiðinni trú voru guðirnir og gyðjurnar kölluð goð. Höfðingjarnir á Íslandi hétu goðar af því að þeir voru fulltrúar goðanna. Þeir stjórnðu blótveislunum þar sem goðin voru dýrkuð. Síðar var kristnitakan samþykkt og bannað að tilbiðja gömlu goðin. Höfðingjarnir voru samt áfram kallaðir goðar – þó að þeir væru kristnir og hættir að trúa á nokkur goð.

Egill Skallagrímsson var til dæmis goði. Skallagrímur faðir hans, landnámsmaðurinn, hafði líka verið goði. Þegar hann dó fékk Egill goðorðið (að vera goði, það var kallað goðorð). En þegar Egill var orðinn of gamall til að vera goði, þá tók sonur hans við. Svona erfðu íslensku goðarnir goðorðin líkt og konungssynir í útlöndum erfðu ríki föður síns. Aðeins karlmenn gátu verið goðar.



Á Íslandi voru margir goðar. Í Borgarfirði voru til dæmis þrír, Egill og tveir aðrir. Hver bóndi í héraðinu tilheyrði einum sérstökum goða, venjulega þeim sem átti heima næst honum. En ef bóndi var ekki ánægður með goðann sinn, þá gat hann skipt um og valið sér annan.

Bændurnir, sem höfðu Egil Skallagrímsson fyrir goða, voru kallaðir þingmenn Egils. Samt voru þeir ekkert líkt því sem alþingismenn eru núna. En þeir voru kallaðir þingmenn Egils af því að þeir áttu að fara á þing með honum.

Goðarnir þrír í Borgarfirði héldu **þing** á hverju vori og komu þangað hver með sinn hóp af þingmönnum. Á þinginu var hægt að kæra menn og dæma fyrir afbrot. Tveir menn í héraðinu höfðu kannski verið óvinir og móðgað hvor annan á víxl þangað til þeir börðust og annar dó. Hinn, sem drap hann, var þá kærður á næsta þingi. Goðarnir völdu nokkra bændur til að vera dómara. Þeir sýknuðu manninn ef hann hafði drepið hinn í sjálfsvörn. Líka ef hinn hafði móðgað hann svo mikið að hann hefði rétt til að hefna sín. Það þótti alveg eðlilegt að drepa fólk til að hefna sín. En ef sá ákærði hafði ekki réttmæta ástæðu til að drepa manninn var hann dæmdur útlægur. Það merkti að hver sem er mátti drepa hann. Þannig voru refsingar í gamla daga þegar ekki var til nein lögregla og ekkert fangelsi. Oftast reyndu menn þó að semja um skaðabætur frekar en láta dæma sig útlæga. Það hafði Bolli gert eftir að hann drap Kjartan.

Svona héraðsþing héldu goðarnir um allt land á vorin. Á sumrin var svo **Alþingi** á Þingvöllum. Þangað komu goðar af öllu landinu með



fylgdarlið sitt, annað fólk líka ef það vildi. Fólk var á þingi tvær vikur. Það kom á hestum, hafði með sér nesti og svaf í búðum. Búðirnar voru ekki verslanir eins og við köllum núna búðir, heldur stór tjöld með hlöðnum veggjum, eiginlega heil hús með tjaldþaki. Hver goði átti sína búð á Þingvöllum. Það var til dæmis í búð Egils sem Þorgerður dóttir hans hitti mannsefnið sitt.



Á Alþingi var hægt að kæra menn og dæma eins og á héraðsþingunum. Þar voru líka sett lög. Það gerðu goðarnir sjálfir á fundi sem hét **lögrétta**. Goðarnir kusu líka **lögsögumann** sem átti að kunna öll lög landsins og geta sagt hvað voru rétt lög.


Goðafoss í Skjálfandafljóti er samkvæmt þjóðsögu kenndur við heiðin skurðgoð.

Minnir Ísland áður fyrr ekki eitthvað á Rómaborg meðan hún var borgríki löngu áður? Á Íslandi réð enginn kóngur eða keisari. Allir bændur máttu koma á þing líkt og allir rómverskir borgarar gátu sótt þjóðfund. Og goðafundurinn, lögrétta, minnir á öldungaráðið í Róm. En á Alþingi fengu venjulegir bændur aldrei að kjósa eða greiða atkvæði. Goðarnir ákváðu allt.



Hvar voru þau á ferð?

Hér á eftir er sagt frá sex persónum úr sögunni. Sumar eru nefndar í bókinni, sumar ekki. Allt var þetta víðförult fólk sem kom til margra landa og staða. Reynum að finna á kortum hvar það var á ferð:



Blýanturinn leitar að Suðureyjum þar sem Auður djúpúðga átti heima sem unglingur.

1. **Ansgar** fæddist þar sem nú er *Frakkland* þegar Karl mikli var konungur þar. Hann varð munkur og kristniboði í *Norður-Þýskalandi*. Hann fór líka kristniboðsferðir til *Danmerkur* (*Jótlands*) og *Svíþjóðar* (nálægt *Stokkhólmi*). Hann varð biskup í *Hamborg* og seinast erkibiskup í *Brimum* (*Bremen*).
2. **Auður djúpúðga** fæddist í *Noregi* þar sem faðir hennar var höfðingi. Hann gerðist víkingur, sigldi vestur um haf og settist að í *Suðureyjum*. Auður giftist öðrum víkingi sem var konungur yfir hluta af *Írlandi*. Hann féll í stríði. Eftir það var Auður með syni sínum sem var víkingakóngur í *Skotlandi*. Hann féll líka. Þá fór Auður til *Íslands* og gerðist landnámskona í *Dölum* við *Hvammsfjörð*.
3. **Haraldur harðráði** var yngri bróðir Ólafs helga Noregskonungs. Þegar bróðir hans var dáinn og óvinir þeirra komnir til valda flýði hann til *Svíþjóðar*. Svo fór hann til *Kænugarðs* (sem nú er *Kíev* í *Úkraínu*) og varð þar hermaður hjá konunginum í *Garðaríki*. Þaðan fór hann til *Miklagarðs* (nú *Istanbul*) og varð herforingi hjá keisaranum þar. Hann fór meðal annars til *Síkileyjar* að berjast við múslima. Þá fór hann aftur til *Garðaríkis* og giftist dóttur konungsins. Síðan varð hann konungur í *Noregi*. Hann gerði innrás í *England* en beið ósigur og féll.



4. **Júlíus Sesar** átti heima í *Rómaborg*. Hann stýrði rómverskum her sem vann alla *Gallíu*. Þaðan sigldi hann einu sinni til *Bretlands*. Svo sneri hann heim og varð æðsti maður í *Róm*. Hann notaði herskip til að elta rómverska óvini sína til *Grikklands* og alla leið til *Egyptalands*. Hann var myrtur heima í *Róm*.
5. **Karl mikli** var konungur þjóðar sem nefndust Frankar. Höfuðborg hans var *Aachen* í *Þýskalandi*. Karl fór margar herferðir. Einu sinni barðist hann við múslima sem réðu yfir *Spáni*. Einnig barðist hann við Langbarða á *Norður-Ítalíu* og lagði ríki þeirra undir sig. Í einni herferðinni vann hann landið sem nú heitir *Ungverjaland*. Hann lagði líka undir sig lönd Saxa í *Norður-Þýskalandi*. Karl fór til *Rómar* þar sem sjálfur páfinn krýndi hann sem keisara.
6. **Páll postuli** var gyðingur frá *Tarsus* á suðurströnd *Litlu-Asíu*. Hann kynntist kristnum mönnum í *Jerúsalem* eftir dauða Jesú. Síðan ferðaðist hann um Rómaveldi til að boða kristna trú. Hann fór tvær ferðir til *Grikklands*. Síðast var hann fluttur sem fangi til *Rómar* (með viðkomu á *Krít* og *Möltu*) og líflátinn þar.

Og hvenær?

Þetta fólk er nefnt í stafrófsröð. Engin ártöl sýna hvenær það var á ferð. En með því að nota upplýsingar úr bókinni er hægt að finna út hvert þeirra var elst, hvert næst og svo framvegis. Reynum að raða þeim í rétta tímaröð.



Atriðisorðaskrá

A

Alþingi 53, 56, 64, 66, 67, 73–75
ambátt, *sjá* þrælar
Ameríka, *sjá* Vínland
Ansgar 76
Antóníus 12, 13
arabar, Arabía 4, 34, 35
Atli Húnakonungur 30, 31
Auður djúpúðga 48, 49, 56, 59,
70, 76

Á

Ágústus 8, 10, 12–14, 18, 21, 26,
35, 37, 38, 42
ártöl 38–40, 52, 53
ásatrú 64

B

bera út börn 67
Biblían 18, 25, 34, 40, 41
biskupar 28, 29, 31, 32, 65, 76
blót (í heiðni) 66, 67, 73
Brák 71
Bretland 4, 32, 33, 77
bronsöld 39, 42, 43
búðir (á Alþingi) 75
bændur 70 *sjá líka* sveitir,
sveitafólk

C

Colosseum 5

D

dýrlingar 28, 29, 32

E

Egill Skallagrímsson 54–56, 58,
60, 67, 73, –75

Egyptaland, Egyptar 4, 9, 11–13,
24–35, 43, 77
Eiríksstaðir í Haukadal 46, 47,
51, 69
England 30, 33, 44, 46, 55, 62, 76
sjá líka Bretland

F

fornminjar 51, 65
Forum Romanum 5
fórnir 12, 20, 21, 23, 66
Frakkland 8, 36

G

Gallía 4, 8, 12
Germanía 4
Gissur hvíti 64
gladíatorar 16, 17
goð 15, 20, 22, 64, 66, 67, 73–75
Goðafoss 75
goðar 73–75
guðir, *sjá* goð
Guðrún Ósvífursdóttir 58,
59, 60
Gunnar á Hlíðarenda 60
gyðingar, Gyðingaland 18, 19, 22,
28, 34–35, 42, 77
gyðjur 20, 21, 66, 73 *sjá líka* goð

H

Hallgerður langbrók 58, 60
handrit 33, 51, 54, 67, 68
Haraldur harðráði 76
haugur (gröf) 65, 66
heiðni, heiðin trú 20–23, 28, 32,
36, 54, 63–67
Helena 26, 28, 29
hirðingar 30

Húnar 30, 31, 33, 37
Höskuldur 56, 57

I

Ingólfur Arnarson 48, 49, 52, 53
islam 34, 35

Í

Írland 32, 33, 44, 49, 57, 58, 76
Íslendingasögur 25, 50, 56–62,
68
ísöld 39, 43
Ítalía 4, 7

J

járnöld 42, 43
Jerúsalem 4, 19, 22, 28, 41, 77
Jesús 18, 19, 25, 26, 28, 29, 34,
38, 40, 41, 42, 77
jól 41
jólasveinn 29
Júpíter 20, 21

K

Karl mikli 36, 37, 45, 76, 77
karlar og konur 6, 11, 56, 60,
65, 70
katakombur 22
keisari 10, 14, 18, 21–24, 26–30,
32, 35, 36, 42, 45, 75–77
kirkjur 28, 29, 32, 65, 66, 68
Kjartan Ólafsson 58, 59, 61–63,
65
klaustur 32
Kleópatra 11–13, 24, 38
Konstantínus 14, 26–28
Konstantínópel 26, 30, 35, 36
Kóraninn 34



kraftaverk 25,
 kristni (kristin trú), kristniboð
 19, 22, 23, 25–29, 32, 33,
 62–67
 kristnitakan á Íslandi 38, 53,
 63–67

Kristur, *sjá* Jesús
 krossfesting 17, 19, 28, 38

L

landbúnaður 39
 Landnámabók (Landnáma) 52,
 53, 62
 landnámsmenn 42, 46, 47, 50, 68
 landnámssýning 51, 52
 Laxdæla saga (Laxdæla) 59, 61,
 68
 lögrétta (á Alþingi) 75
 lögsögumaður 53, 75

M

María mey 18, 28, 29
 Mars 20, 21
 matur 43, 70
 Mekka 34
 Melkorka 56–58, 61, 71, 73
 Miðjarðarhaf 4, 5, 35
 Mongólar 30
 Múhameð 34, 35
 múmíur 12, 13

N

Njáll, Njáls saga (Njála),
 Njálsbrenna 50, 59, 60, 68
 Norðurlönd 39, 42–44, 67
 Noregur 42, 43, 46, 47, 49, 54,
 58, 62–65, 70, 76
 Nýja testamentið 25

Ó

Óðinn 66
 Ólafur helgi 62, 63
 Ólafur pá 56–59
 Ólafur Tryggvason 62–65

P

papar 32
 Patrekur 32, 33
 Páll postuli 77
 Pílatus 19
 píramídar 11
 píslarvottar 23, 29
 postular 29

R

Reykjavík 48, 51, 52, 53
 riddarar 26, 30, 37
 Róm, Rómaveldi, Rómverjar
 4–23, 26, 30–33, 35–37, 41,
 42, 64, 66, 71, 75, 77
 Rómulus og Remus 7
 rúnir 67

S

Sesar 8–14, 20, 21, 24, 37, 38
 skattlönd 7, 8, 10, 12, 13, 18, 32
 skáld 55, 76
 Skotland 49
 Spartakus 17, 19, 38
 steinöld 42, 43
 stríð 7–10, 13, 17, 30, 31, 35–37,
 44, 45, 49, 60
 sveitir, sveitafólk 7, 38, 43, 46,
 69, 70
 Sögusafnið 53

T

trúfrelsi 28, 64

V

Venus 20
 víkingar, víkingaöld 44–47, 49,
 55, 62
 víkingaskip 44–46, 48
 Vínland 47

Þ

Þingvellir 38, 50, 51, 56, 63, 74,
 75
 Þjóðflutningar, Þjóðflutningatími
 31, 32
 Þjóðminjasafnið 51
 Þorgeir Ljósvetningagoði 53
 Þorgerður Egilsdóttir 56–60, 73,
 75
 Þór 20, 66, 67
 þrælar, þrælahald 14–17, 32, 57,
 71, 72
 Þýskaland 36, 76, 77

Ö

öldungaráð 6, 8, 10, 13, 21, 75



MYNDASKRÁ

Ali Mansuri 34 • Bryna Productions 17 • Clipart. Com 22, 32, 59, 64, 65, 67 •
Friðrik Tryggvason 41, 43, 52, 64 • Helga Ágústsdóttir 46, 47, 49, 69 • iStockphoto.
com 12, 42 • Jóhann Ísberg 44 • Landnámssetrið 55, 71 • Louvre safnið 36 • Mats
Wibe Lund 50, 63, 73 • Margrét Tryggvadóttir 48, 54 • Mike Boehmer 33 •
Minjasafn Reykjavíkur 52 • Museum Catharijneconvent 19 • Myndstef 58 • National
Gallery London 18 • Námsgagnastofnun 69, 70 • Stofnun Árna Magnússonar í
íslenskum fræðum. 54, 68 • Sögusafnið Perlunni 53 • Uffizi Flórens 20, 28 •
Wikimedia Commons 5, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 14, 15, 21, 25, 26, 27, 30, 37, 42, 58, 67

Frá Róm til Þingvalla

© 2009 Helgi Skúli Kjartansson, sagnfræðingur, Menntavísindasviði HÍ
© 2009 Myndskreytingar Anna Cynthia Leplar

Yfirllestur á handriti:

Ástríður Einarsdóttir grunnskólakennari,
Gunnar J. Gunnarsson lektor í trúarbragðafræði
Loftur Guttormsson sagnfræðingur
Sigríður Sif Grímsdóttir grunnskólakennari
Prófarkalestur: Þórdís Guðjónsdóttir

Ritstjórn: Sigrún Sóley Jökulsdóttir
Myndaritstjórn: Margrét Tryggvadóttir og Friðrik Tryggvason
Útlit og umbrot: Anna Cynthia Leplar
Litgreining: Pixel
Prentvinnsla: Litróf ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

1. útgáfa 2010
önnur prentun 2019
Menntamálastofnun
Kópavogi

ISBN 978-9979-0-2501-6

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti,
svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun
eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

Frá Róm til Þingvalla



Frá Róm til Þingvalla

er námsbók í sögu einkum ætluð nemendum á miðstigi grunnskóla. Höfundur er Helgi Skúli Kjartansson.

Sögð er saga Evrópu frá Rómverjum og upphafi kristni fram til víkingaaldar og saga Íslands frá landnámi fram yfir kristnitöku. Gert er ráð fyrir æfingum í að nota tímatal og landakort, hvatt til að nýta söfn, sýningar og sögustaði og bent á að ekki er alltaf hægt að vita hvað hæft er í gömlum sögum.

Kennsluleiðbeiningar og verkefni er að finna á vef Menntamálastofnunar.




MENNTAMÁLASTOFNUN
40242

ISBN-13: 978-9979-0-2501-6



9 789979 025016